



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 2. júlí 2012

Ákvörðun nr. 14/2012

Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og samruni við Teris

I.

Rannsóknin og málsmeðferð

Þann 24. febrúar 2011 barst Samkeppniseftirlitinu erindi, dags. 23. febrúar 2011, frá Reiknistofu bankanna hf., þar sem óskað var eftir undanþágu vegna starfsemi félagsins á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, en samkvæmt þeirri grein getur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. sem banna samkeppnishamlandi samstarf fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja. Í ákvörðun þessari er tekin afstaða til þessarar beiðnar.

Meðan málsmeðferð þessa erindis stóð yfir barst Samkeppniseftirlitinu með bréfi, dags. 31. janúar 2012, samrunatilkynning vegna kaupa Reiknistofu bankanna hf. á hluta af eignum Teris. Í bréfinu var vísað til bréfs, dags. 27. janúar 2012, þar sem fyrirhugaður samruni var tilkynntur í samræmi við ákvæði a. liðar 1. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Samtímis var óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið nýtti heimild 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og heimilaði framkvæmd samrunans á meðan Samkeppniseftirlitið fjallaði um hann. Var sú ósk ítrekuð í seinna bréfi. Þann 2. febrúar 2012 barst Samkeppniseftirlitinu afrit af kvittun fyrir greiðslu samrunagjalds. Með bréfi, dags. 8. febrúar 2012, hafnaði Samkeppniseftirlitið því að veita heimild til þess að samruninn yrði framkvæmdur á meðan á rannsókn stæði.

Með hliðsjón af eðli og innihaldi og mikilvægi þessara tveggja erinda var ákveðið að sameina málsmeðferð og umfjöllun þeirra í einni stjórnvaldsákvörðun. Byggðist sú tilhögun meðal annars á yfirlýstum vilja aðila, meðan á málsmeðferð stóð, um að ljúka þessum málum með sátt við Samkeppniseftirlitið um viðamikil skilyrði til þess að koma í veg fyrir samkeppnisleg vandamál sem rekja mætti til núverandi starfsemi Reiknistofunnar eða stafa af fyrirhuguðum samruna við Teris.

Í þessum kafla (Kafli I) verður gerð grein fyrir tengslum þessa máls og fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins er varða samkeppnisaðstæður á fjármálamarkaði. Þá er gerð grein fyrir erindum Reiknistofunnar sem liggja til grundvallar þessari rannsókn, auk þess sem



meðferð málsins er lýst. Í kafla II er gerð grein fyrir þeim samkeppnislegu álitafnum sem til rannsóknar eru í málinu og gerð grein fyrir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins og ákvörðunarorði sína í kafla III.

1. Fyrri athuganir Samkeppniseftirlitsins sem tengjast máli þessu

Samkeppniseftirlitið hefur á liðnum árum fjallað í nokkrum málum um samkeppnisaðstæður á fjármálamarkaði. Eitt meginmarkmið þeirra athugana hefur verið að draga úr aðgangshindrunum inn á fjármálamarkaðinn, sem m.a. kunna að leynast í grunnkerfum markaðarins, þ.e. þeirri umgjörð sem honum er sett.

Í júní 2006 gerði Samkeppniseftirlitið húsleit á starfsstöð Greiðslumiðlunar hf. (nú Valitors hf.) og Kreditkorta hf. (nú Borgunar hf.), en til rannsóknar var hvort fyrrnefnda fyrirtækið hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína á greiðslukortamarkaði, auk þess sem vísbendingar höfðu fundist um ólögmætt samráð milli fyrirtækjanna tveggja. Í mars 2007 var gerð húsleit hjá Fjölgreiðslumiðlun hf. (nú Greiðsluveitunni hf.) en fundist höfðu við rannsóknina vísbendingar um möguleg brot fyrirtækisins á bannákvæðum samkeppnislaga. Málið þessu lyktaði með ákvörðun nr. 4/2008, en í málinu viðurkenndi Greiðslumiðlun hf. að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem beindust gegn nýjum keppinauti (PBS/Kortapjónustan). Greiðslumiðlun og Kreditkost viðurkenndu að hafa haft með sér langvarandi og víðtækt ólögmætt samráð og Fjölgreiðslumiðlun viðurkenndi að hafa tekið þátt í því og þar með einnig að hafa brotið gegn banni samkeppnislaga við samkeppnishömlum samtaka fyrirtækja. Féllust fyrirtækin á að greiða stjórnvaldssektir vegna þessa. Sekt Greiðslumiðlunar var 385 m.kr. sekt Kreditkorts 185 m.kr. og sekt Fjölgreiðslumiðlunar 165 m.kr.

Ennfremur féllust fyrirtækin á að gera margháttáðar breytingar á skipulagi og starfsemi sinni til þess að koma í veg fyrir frekari brot á samkeppnislögum. M.a. skuldbatt Fjölgreiðslumiðlun sig til þess að óska undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga vegna samstarfs sem aðildarfyrirtæki Fjölgreiðslumiðlunar teldu nauðsynlegt að fram færi á vegum félagsins, vegna t.d. sjónarmiða tengdum öryggi og hagræðingu.

Sú undanþágubeiðni barst Samkeppniseftirlitinu síðan með bréfi, dags. 31. maí 2008. Hófst þá ítarleg rannsókn á starfsemi Fjölgreiðslumiðlunar með það að markmiði að afmarka hvort og til hvaða þátta starfsemin gæti tekið til framtíðar. Í þeirri rannsókn sendi Samkeppniseftirlitið umræðuskjal til allra helstu hagsmunaaðila sem tengdust starfsemi félagsins. Aflaði Samkeppniseftirlitið m.a. greiningar utanaðkomandi óháðra sérfræðinga í þessu efni.

Samhliða þessari vinnu átti sér stað stefnumótun á vettvangi fjármálafyrirtækja um framtíðarskipan grunnkerfa fjármálamarkaðar. Lyktir þeirrar vinnu voru m.a. að Seðlabanki Íslands myndi hverfa frá Reiknistofu bankanna sem eignaraðili en eignast þess í stað alfarið Greiðsluveituna hf. sem reist yrði á grunni Fjölgreiðslumiðlunar. Það fyrirtæki myndi halda utan um sum mikilvægustu grunnkerfi fjármálamarkaðar, en mikilvæg upplýsingatækniþjónusta yrði áfram í Reiknistofu bankanna, sem breytt yrði í hlutafélag og framvegis rekið sem upplýsingatæknifyrirtæki í eignarhaldi fjármálafyrirtækja eins og lýst verður nánar í þessu skjali.



Vegna þessara breytinga barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning, dags. 18. nóvember 2010, vegna yfirtöku Seðlabanka Íslands á Greiðsluveitunni (áður Fjölgreiðslumiðlun). Jafnframt var Samkeppniseftirlitinu gerð grein fyrir því að því yrði send undanþágubeiðni vegna stofnunar hlutafélags um rekstur Reiknistofu bankanna, sbr. 15. gr. samkeppnislaga.

Þessar sviptingar breyttu forsendum áðurgreindrar rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á undanþágubeiðni vegna Fjölgreiðslumiðlunar. Lyktaði þeirri rannsókn í raun með ákvörðun nr. 2/2011, *Yfirtaka Seðlabanka Íslands á Fjölgreiðslumiðlun hf. (nú Greiðsluveitunni hf.)*, en í þeirri ákvörðun voru starfsemi Greiðsluveitunnar hf. sett ítarleg skilyrði sem miðuðu að því að tryggja að öll fjármálafyrirtæki, bæði núverandi og ný, gætu tengst kerfum hennar og notið nauðsynlegrar þjónustu á gagnsæjum og málefnalegum forsendum. Með þessu var stuðlað að því að ekki gætu skapast að nýju aðgangshindranir fyrir ný og smærri fyrirtæki á þessum vettvangi.

Undanþágubeiðni vegna framtíðarstarfsemi Reiknistofu bankanna hf. barst Samkeppniseftirlitinu síðan þann 23. febrúar 2011, eins og fyrr er rakið, auk þess sem Samkeppniseftirlitinu barst samrunatilkynning vegna kaupa Reiknistofu bankanna hf. á hluta af eignum Teris, sbr. bréf dags 31, janúar 2012. Fjallað er um rannsóknir vegna þessara mála í ákvörðun þessari. Við rannsóknina hefur Samkeppniseftirlitið m.a. stuðst við þá þekkingu og reynslu sem það hefur aflað við rannsókn þeirra mála, sem hér voru rakin.

Til viðbótar framangreindu er rétt að nefna að Samkeppniseftirlitið hefur á ýmsum öðrum vettvangi fjallað um samkeppnisaðstæður á fjármálamarkaði. Má þar nefna umræðuskjal nr. 1/2011, *Samkeppni á bankamarkaði*, og ýmsar ákvarðanir er varða samruna fjármálafyrirtækja, s.s. ákvörðun nr. 34/2011, *Kaup Landsbankans hf. á eignarhlut í Verdis hf. (áður Arion verðbréfavörslu)*, ákvörðun nr. 33/2011, *Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Byr hf.*, og ákvörðun nr. 50/2008, *Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.*

2. Beiðni Reiknistofu bankanna hf. um undanþágu frá 10. og 12. gr. samkeppnislaga

Þann 24. febrúar 2011 barst Samkeppniseftirlitinu erindi, dags. 23. febrúar 2011, frá Reiknistofu bankanna hf. (hér eftir nefnd Reiknistofan¹), þar sem óskað er eftir undanþágu vegna starfsemi félagsins á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 teldi Samkeppniseftirlitið hana fara í bága við önnur ákvæði laganna.

Fram kemur í erindinu að stofnfundur Reiknistofunnar hafi verið haldinn 15. desember 2010. Við stofnun félagsins hafi stofnendur lagt inn eignarhluti sína í gömlu Reiknistofu bankanna (hér eftir nefnd RB) sem þeir hafi rekið sameiginlega síðan. Aðildin að samstarfinu hafi tekið breytingum í gegnum tíðina eftir því sem nýir bankar hafi tekið til starfa, bankar verið sameinaðir öðrum eða þeir lagðir niður. Samband íslenskra

¹ Vísað er til Reiknistofu bankanna hf. eins og það félag er í dag sem „Reiknistofan“ eða „Reiknistofunnar“ og í tíð gömlu Reiknistofu bankanna sem RB.



sparisjóða hafi gerst aðili að samstarfinu 1984 og greiðslukortafyrirtækin Greiðslumiðlun VISA 1989 og Kreditkort 1994.

Í erindinu segir að meginstarfsemi RB hafi hin síðari ár hafi verið fólgin í því að veita eigendum tölvuþjónustu. Aðdragandi að stofnun RB hafi verið stöðugt aukin notkun tékka í íslensku samfélagi, sem kallað hafi á störf síaukins fjölda bankamanna við skjalaskipti og bókun. Undirbúningur að stofnun sameiginlegrar tölvuþjónustu fyrir banka og sparisjóði hafði þá staðið síðan 1970. Árið 1975 hófst svo vinnsla fyrsta bankaverkefnisins, með tölvuvinnslu ávísana- og hlaupareikninga og á árunum 1985 og 1986 var tekið til notkunar afgreiðslukerfi til sjóðsbókunar og sjóðsuppgjörs og beinlínubókunar sparisjóðsreikninga svo og til skráningar færslna í önnur verkefni RB. Sameiginleg tölvuvinnsla hafi gert íslenska bankakerfinu kleift að tileinka sér nýjustu tækni þeirra tíma og grunnurinn hafi verið lagður að öflugustu og traustustu viðskiptakerfum nútímans. Ör tækniþróun og aukin þjónusta eigenda RB við viðskiptamenn sína hafi mótað starfsemi RB. Þessi rekstur hafi byggst á kostnaðarhagkvæmni og rekstraröryggi fyrir íslenska bankakerfið.

Þá segir að kerfi Reiknistofunnar séu án efa meðal flóknustu tölvukerfa á Íslandi. Allar greiðslur inn og út af bankareikningum landsmanna fari um tölvur Reiknistofunnar og sama eigi við um uppgjör milli banka og sparisjóða vegna viðskipta þeirra. Jafnframt sé þar uppgjörskerfi og heimildir fyrir stærstum hluta allra rafrænna greiðslna. Rekstraröryggi miðist við að halda öllum kerfum réttum, öruggum og starfhæfum, jafnt vélbúnaði sem hugbúnaði. Gerðar séu afar strangar kröfur til undirbúnings gangsetningar á nýjum kerfum eða breytinga á þeim sem fyrir séu. Jafnframt séu varaleiðir og aukabúnaður tiltækur ef bilanir komi upp.

Einnig kemur fram að örar tæknibreytingar séu fyrirsjáanlegar í bankaheiminum. Notkun tækninnar eigi eftir að aukast í öllum samskiptum, þ. m. t. bankaviðskiptum. Uppbygging traustra og örugga grunnkerfa verði áfram mikilvægasta verkefni Reiknistofunnar á næstu árum til að mæta þörfum eigenda og viðskiptavina og jafnframt til að bjóða bestu tækni á eins hagkvæman hátt og kostur sé.

Jafnframt segir að RB hafi til þessa ekki verið sjálfstæður skattaðili, en uppgjóri hafi verið skipt á milli eigenda eftir viðskiptamagni frá ári til árs. Frá upphafi hafi aðilar að samstarfinu verið helstu fjármálafyrirtæki landsins auk Seðlabanka Íslands. Þann 15. nóvember 2010 hafi þáverandi aðilar að RB, þ.e. Arion banki hf., Borgun hf., Íslandsbanki hf., Kreditkort hf., NBI hf., Samband íslenskra sparisjóða, Valitor hf. og Seðlabanki Íslands ritað undir rammamning um nýskipan íslenskrar greiðslumiðlunar. Samkvæmt samningnum selji Seðlabanki Íslands „hlut“ sinn í RB til annarra aðila samningsins og kaupi á móti hlut þeirra í Fjölgreiðslumiðlun hf. (FGM). Samrunatilkynning vegna þeirrar yfirtöku hafi verið send Samkeppniseftirlitinu og í framhaldi þar af tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 2/2011 þar sem samruninn var staðfestur. Nafni FGM hafi verið breytt í Greiðsluveitan ehf. og sé Seðlabanki Íslands nú eini hluthafinn í félaginu. Í framhaldi af þessum viðskiptum og í samræmi við ákvæði rammamningsins, hafi aðilar að RB, að undanskildum Seðlabanka Íslands, stofnað hið nýja félag,



Reiknistofu bankanna hf. (hér eftir Reiknistofa) utan um rekstur fyrrum RB. Í erindinu segir að stofnun þessa félags sé tilefni undanþágubeiðni þeirrar sem hér um ræðir.

Þá segir að meginástæða fyrir gerð rammásamningsins sé að tryggja rekstur greiðslumiðlunarkerfa í kjölfar hruns hins íslenska fjármálakerfis í október 2008. Einnig hafi verið talin ástæða til að kveða skýrar á um hlutverk og tilgang Reiknistofunnar og Greiðsluveitunnar, auk þess að nauðsynlegt hafi þótt að setja skýrari ramma utan um þjónustu Reiknistofunnar við Greiðsluveituna.

2.1 Reiknistofa bankanna

Í erindinu segir að hlutverk RB, nú Reiknistofunnar, sé að veita eigendum sínum tölvuþjónustu, sem sérstaklega miði að því að nýta kosti samvinnu um tölvuvinnslu, á sviði greiðslu- og lánsfjármíðlunar. Samstarf banka og sparisjóða um sameiginlega tölvumiðstöð byggi á kostnaðarhagkvæmni og rekstraröryggi. Samkvæmt samþykktum Reiknistofunnar sé tilgangur félagsins að skapa tæknilegar forsendur fyrir hagkvæmri, faglegri og samkeppnishæfri þjónustu á sviði upplýsingatækni og skyldrar starfsemi.

Reiknistofan þjóni því bönkum, sparisjóðum og kortafyrirtækjum með rekstri einnar öflugustu tölvumiðstöðvar landsins. Reiknistofan annist fjölbreytt og umfangsmikil verkefni á sviði bankaviðskipta. Helstu tölvukerfin séu á sviði innlána, útlána, bókhalds, gjaldeyrisviðskipta, debetkortaviðskipta og greiðsluþjónustu. Fram kemur að notkun debetkorta byggi á þjónustu Reiknistofunnar allan sólarhringinn alla daga ársins. Bankar, sparisjóðir og kortafyrirtæki stundi öfluga upplýsingamiðlun til viðskiptavina sinna. Þáttur Reiknistofunnar sé þar m.a. fólgin í prentun og póstlagningu reikningsyfirlita og greiðsluseðla. Verkefni Reiknistofunnar í framtíðinni verði að sinna þeim kerfum sem færast ekki frá Reiknistofunni yfir til Greiðsluveitunnar, auk þess að annast tæknilegan rekstur greiðslumiðlunarkerfa sem Greiðsluveitan muni fara með eignarrétt yfir. Tilgangi félagsins sé lýst í stofnsamningi, samþykktum þess og hluthafasamkomulagi.

Þá segir að samkvæmt rammásamningnum muni Reiknistofan annast tæknilegan rekstur greiðslumiðlunarkerfa Greiðsluveitunnar í fimm ár á grundvelli nýrra rekstrarsamninga. Markmiðið sé að tryggja að greiðslumiðlunarkerfi virki sem skyldi um ókomin ár. Aðgangur að þekkingu og kunnáttu Reiknistofunnar á rekstrinum sé ófrávíkjanlegur þáttur í starfsemi greiðslumiðlunarkerfanna og í því skyni að tryggja virkni þeirra sé nauðsynlegt að Reiknistofan skuldbindi sig til þess að styðja við rekstur kerfanna í framtíðinni með þeim hætti sem tilgreint sé í samningum.

Í rammásamningnum komi jafnframt fram að gjald fyrir þjónustu Reiknistofunnar geti tekið mið af umfangi viðskipta en eigendur Reiknistofunnar muni hins vegar ekki njóta sérkjara. Greiðslur fyrir þjónustu Reiknistofunnar skuli vera samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Unnið sé að því að ljúka gerð þessara samninga, en ekki hafi verið hægt að hefjast handa fyrr en samruni Seðlabanka og FGM (Greiðsluveitunnar) hafði verið samþykktur af hálfu samkeppnisyrvalda.

Eignarhald og stjórnkerfi



Fram kemur í erindinu að með samkomulagi um skiptingu hlutfjár, dags. 14. desember 2010, hafi verið ákveðið að hlutdeild Sambands Íslenskra sparisjóða í RB skyldi skiptast með þeim hætti að sambandið sjálf færi, í umboði 11 tilgreindra sparisjóða, með 8,56% af heild, að við hlut Arion banka hf. skyldi bætast 0,74%, að Byr hf. ætti 7,21% af heild og nb.is – sparisjóður hf. fengi 5,37% af heildinni, en með því hafi verið leystur ágreiningur um eignarhald sparisjóðanna eftir fall nokkurra þeirra í kjölfar bankahrunsins.

Í samræmi við framangreint hafi eftirtaldir aðilar skráð sig fyrir stofnfé í Reiknistofunni og séu hluthafar:

Arion banki hf.	581008-0150	Borgartún 19, Rvk.
Borgun hf.	440686-1259	Ármúla 30, Rvk.
Byr hf.	620410-0200	Borgartúni 18, Rvk
Íslandsbanki hf.	491008-0160	Kirkjusandi 2, Rvk.
Kreditkort hf.	660107-1180	Ármúla 28, Rvk.
NBI hf.	471008-0280	Austurstræti 11, Rvk.
nb.is sparisjóður hf.	540502-2930	Ármúla 13a, Rvk.
Samband íslenskra sparisjóða	450979 0239	Rauðárstígur 25, Rvk.
Valitor hf.	500683-0589	Laugavegi 77, Rvk.

Skipan stjórnar

Samhliða stofnun Reiknistofunnar hafi stofnendur undirritað hluthafasamning og þar sé gert ráð fyrir því að fram að aðalfundi árið 2012 skuli stjórnin skipuð fimm mönnum þar sem fjórir séu tilnefndir af hluthöfum, en einn stjórnarmaður skuli vera óháður sérfræðingur. Samkvæmt samningnum verði sú breyting gerð á aðalfundi 2012 að stjórnarmönnum verður fækkað í þrjá og verði tveir þeirra óháðir, en stjórnarformaður skuli tilnefndur úr hópi hluthafa til tveggja ára í senn. Ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi sé að stofnendur vilji hafa bein áhrif á að þau markmið sem sett séu fram í hluthafasamningnum nái fram að ganga og að umbreytingin frá RB yfir til Reiknistofunnar verði á þeirra eigin forræði. Að þeim tíma liðnum verði aðeins einn stjórnarmaður tilnefndur til stjórnar hverju sinni af hálfu hluthafa.

Fyrirhugað skipulag Reiknistofunnar

Í erindinu segir að þær breytingar sem verið sé að gera á Reiknistofunni hafi það að markmiði að opna fyrir þjónustu félagsins þannig að félagið veiti þjónustu sína á almennum markaði til fyrirtækja sem starfi á fjármálamarkaði. Tilgangur félagsins verði sá að skapa tæknilegar forsendur fyrir hagkvæmri, faglegri og samkeppnishæfri starfsemi á fjármálamarkaði með því m.a. að veita þjónustu á sviði upplýsingatækni og tengdrar starfsemi. Komi það fram í rammisamningnum að eigendur félagsins muni ekki njóta sérstakra kjara og verði gert ráð fyrir því að verðlagning taki mið af umfangi viðskipta í þeim þáttum sem málefnaleg rök liggja til grundvallar.

Eins og þegar hafi komið fram þá séu eigendur félagsins keppinautar á markaði fyrir viðskiptabankaþjónustu og aðrar tegundir af þjónustu á fjármálamarkaði. Þessir aðilar hafi verið eigendur að RB og því sé um litla breytingu á eignarhaldi að ræða, að því undanskildu að Seðlabanki Íslands fari úr félaginu. Þó samkeppnisyfirvöld hafi lýst því yfir



að nokkur vandkvæði fylgi því að keppinautar eigi fyrirtæki sameiginlega þá fylgi eignarhaldi Reiknistofunnar ákveðinn kostur vegna sérhæfðrar þjónustu sem félagið veiti. Þannig sé sá búnaður og þekking sem félagið hafi yfir að ráða nauðsynleg fyrir mörg þeirra fyrirtækja sem veiti almenna bankaþjónustu. Í mörgum tilvikum sé ekki um aðra aðila að ræða sem geti veitt umrædda þjónustu sem leiði til þess að starfsemi Reiknistofunnar geti talist nauðsynleg á tilteknum þjónustumörkuðum. Með því að flestir kaupendur á markaðnum, sem Reiknistofan starfi á, séu jafnframt eigendur hennar sé félaginu veitt ríkt aðhald sem komi í veg fyrir að félagið hegði sér líkt og það væri í einokun. Eigendur hafi hagsmuni af því að félagið verðleggi þjónustu sína með aðhaldssömum hætti og geri jafnframt ríkar kröfur til þess að þjónusta félagsins sé framúrskarandi. Þeir sem standi fyrir utan eigendahópinn njóti síðan góðs af þessu aðhaldi þar sem þeir geti keypt sömu þjónustu á sömu kjörum.

Fram kemur að væri eignarhaldið með öðrum hætti, t.d. ef aðeins einn aðili á markaðnum ætti félagið sé ákveðin hætta á því að félagið myndi sjá sér hag í því að hækka verðlagninguna sökum þess að eftirspurn kaupenda á markaðnum sé óteygin. Þess vegna væri takmarkað aðhald sem slíkir aðilar gætu veitt félaginu allt fram að því að innkoma nýrra aðila væri arðvænleg með tilliti til þess kostnaðar sem falli til við innkomuna. Telja verði því að eignarhaldið feli í sér jákvæð áhrif á starfsemi Reiknistofunnar þegar litið sé heildstætt á málið. Enn fremur verði að hafa í huga að eigendur félagsins hafi tekið skref í þá átt að takmarka möguleg neikvæð áhrif eignarhaldsins með því að samþykkja ákveðnar reglur sem lúti að stjórn félagsins og aðkomu fulltrúa eigenda að henni, sbr. það sem sé rakið hér að framan.

Hluthafar Reiknistofunnar telji að þessi skipan stjórnarinnar muni útiloka möguleika á því að fulltrúar keppinauta geti haft óeðlileg samskipti sín á milli og þar með sé komið í veg fyrir hugsanleg neikvæð áhrif af sameiginlegu eignarhaldi keppinauta á markaðnum. Þá séu stjórnarmenn bundnir trúnaði vegna málefna einstakra hluthafa og viðskipta þeirra.

Fyrirhugað hlutverk Reiknistofunnar

Hluthafar félagsins hafa samkvæmt erindinu markað félaginu ákveðna stefnu í framtíðinni og felur sú stefna í sér töluverða áherslubreytingu frá því sem áður hefur verið segir í erindinu. Til lengri tíma sé skipulagt að félagið muni hefja innkomu á aðra markaði fjármálaþjónustu sem krefjist upplýsingatækniþjónustu, þ.m.t. að bjóða váttryggingarfélögum sem og lífeyrissjóðum upp á þjónustu félagsins.

Hluthafar félagsins telji að það sé mikilvægt að tryggja ákveðnar undirstöður í félaginu áður en það bjóði þjónustu sína á öðrum mörkuðum en fyrir banka- og verðbréfaþjónustu. Því mun félagið fyrst og fremst leggja áherslu á banka- og verðbréfamarkað fram til ársins 2013.

Helstu atriði í framtíðarstefnu og innri uppbyggingu félagsins næstu árin sé að leggja áherslu á tæknilausnir og þjónustu sem skili aukinni hagkvæmni til núverandi viðskiptavina félagsins. Stefnt sé að því að endurskoða tæknistefnu, þ. á m. með áherslu á þá þætti sem fram komi í hluthafasamkomulaginu en rétt þyki að benda á að félagið muni fara yfir kostnaðarmyndun, uppbyggingu gjaldskrár og reikningagerð með gagnsæi



að leiðarljósi þannig að ljóst sé í öllum tilfellum hvað einstakt kerfi, þjónustubáttur og aðgerðamengi kosti. Með þessum hætti muni ekki leika nokkur vafi á því hvað einstök þjónusta kosti og verði gagnsæ verðlagning því auðveldari og markvissari.

Telja verði að þessi breytta skipan muni hafa jákvæð áhrif á markaðinn þar sem Reiknistofan muni verða enn óháðari eigendum sínum í rekstri auk þess sem boðið verði upp á þjónustu félagsins til fleiri aðila sem leiði til aukins framboðs af þjónustu á sviði upplýsingatækni fyrir fjármálafyrirtæki.

2.2 Markaðir og markaðsstaða Reiknistofunnar

Fram kemur í erindinu að nokkrum vandkvæðum sé bundið að lýsa markaði þeim sem Reiknistofan starfar á í dag. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 28/1999, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 17/1999, hafi verið fjallað um starfsemi RB á þeim tíma. Af þeirri umfjöllun megi draga þá ályktun að ólíklegt sé að starfsemi Reiknistofunnar falli innan gildissviðs samkeppnislaga sbr. 2. og 4. gr. þeirra laga. Reiknistofan telji þó ekki nauðsynlegt að taka af skarið um það hér, þar sem verið sé að breyta starfsemi félagsins og færa hana yfir á samkeppnismarkað. Ljóst sé þó að meginstarfsemi félagsins sé á sérstökum undirmarkaði upplýsingatækni- eða hugbúnaðarmarkaðar, einkum í svokölluðu stórtölvuumhverfi.

Eigendur RB, og nú Reiknistofunnar, starfi við ýmis konar fjármálaþjónustu og hafi RB veitt þeim tölvuþjónustu á mjög sérstöku og afmörkuðu sviði, þ.e. hvað varði skráningu, varðveislu, gagnavinnslu og aðgengi að rafrænum fjármálaupplýsingum. Muni sú þjónusta halda áfram nema hvað hún verði í boði með almennri hætti en áður og þar að auki sé stefnt á að auka þjónustuframboð félagsins til lengri tíma.

2.3 Um 10. og 15. gr. samkeppnislaga

Í erindi Reiknistofunnar er rakið að skv. 10. gr. samkeppnislaga séu bannaðir samningar milli fyrirtækja sem hafi það að markmiði eða af þeim leiði að samkeppni sé takmörkuð.

Bent er á að í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/1995 Ríkisútvarpið gegn samkeppnisráði komi fram að með hugtakinu samkeppni, í merkingu samkeppnislaga, sé átt við þá stöðu að fyrirtæki markaðssetji vöru eða þjónustu við þær aðstæður að salan geti haft áhrif á solumöguleika annars fyrirtækis. Bannákvæði samkeppnislaga séu byggð á þessari hugtakanotkun. Af þessu leiddi að eigin framleiðsla Ríkisútvarpsins á dagskrárefni gat ekki talist í frjálsri samkeppni við aðra aðila og því taldi nefndin skorta lagaheimild fyrir aðgerðum í viðkomandi máli.

Reiknistofan telji starfsemi sína hingað til sambærilega við eigin framleiðslu Ríkisútvarpsins á dagskrárefni. Áður hefur verið vikið að því að starfsemi félagsins sé ekki í samkeppni við aðra aðila sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 28/1999.² Þjónusta félagsins hafi ekki verið markaðssett með neinum hætti enda starfi það nánast sem tölvudeild þeirra fyrirtækja sem að því standi og starfi á markaðnum. Breytingar þær sem séu tilefni þessa erindis feli í sér að þessi þjónusta sé færð yfir á svið þar sem samkeppni ríki. Slíkar breytingar taki nokkurn tíma eins og þegar hafi komið fram og því muni fyrst

² Erindi Samtaka iðnaðarins er varðar samkeppnisstöðu hugbúnaðarfyrirtækja gagnvart Reiknistofu bankanna.



um sinn aðeins vera einblínt á að tryggja ákveðna innviði í félaginu til þess að það geti boðið upp á þjónustu á öðrum sviðum.

Reiknistofan telji ólíklegt að starfsemi hennar falli undir 10. gr. samkeppnislaga. Einsýnt þyki að áður nefndur rammasamningur og stofnun Reiknistofunnar hafi hvorki að markmiði, né þau áhrif, að samkeppni sé takmörkuð. Í raun sé það aðeins sú staðreynd að félagið sé í eigu keppnauta sem valdi því að 10. gr. samkeppnislaga geti komið til skoðunar. Starfsemi Reiknistofunnar muni vera eftir sem áður eingöngu tæknilegs eðlis en til þess að tryggja aðgengi annarra fjármálafyrirtækja eða nýrra fjármálafyrirtækja að starfseminni þá sé gengið út frá því að félagið muni gera sambærilega samninga við alla þá sem þiggi þjónustuna, bæði eigendur og þriðja aðila. Með þessum hætti sé gagnsæi og hlutleysi Reiknistofunnar gagnvart viðskiptavinum tryggt.

Þar sem stjórn félagsins til lengri tíma verði ekki skipuð fulltrúa frá tveimur eða fleiri hluthöfum á sama tíma þá verði að telja að verulega sé dregið úr þeirri hættu sem fylgi sameiginlegu eignarhaldi keppnauta. Þetta sé að mati aðila til þess fallið að útiloka 10. gr. samkeppnislaga varðandi starfsemi og eignarhald félagsins.

Félagið telji einsýnt að aflagning eða veruleg breyting á hinu tilkynnta samstarfi hefði í för með sér mikinn kostnaðarauka fyrir eigendur þess, sem aftur myndi hafa veruleg áhrif til hækkunar á kjörum neytenda. Sameiginleg innkaup, rekstur og viðhald stórtölvukerfa hafi í för með sér augljóst hagræði og lækkun kostnaðar þar sem eitt kerfi komi í stað margra.

Sé það, þrátt fyrir framangreint, mat Samkeppniseftirlitsins að eignarhald Reiknistofunnar og sú starfsemi sem félagið muni sinna kunni að falla undir 10. gr. samkeppnislaga sé óskað eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. laganna. Félagið telji að ef Samkeppniseftirlitið telji starfsemina ekki fara í bága við 10. eða 12. gr. þá sé eðli málsins samkvæmt ekki unnt að veita undanþágu frá ákvæðunum. Hins vegar sé óskað formlegrar afgreiðslu á undanþágubeiðninni enda sé með erindi þessu sótt um undanþágu frá 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

Þá eru í erindinu rakin þau fjögur skilyrði 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga sem samstarf verður að uppfylla til þess að unnt sé að veita undanþágu, en þau eru að samningur, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir samkvæmt 10. og 12. gr. laganna:

- a) stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b) veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c) leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
- d) veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.



Hvað stafliði a) og b) varði teljur Reiknistofan að líta verði til þess að það fyrirkomulag sem felst í starfsemi Reiknistofunnar hafi aukið þjónustu á fjármálamarkaði. Enn fremur blasi það við að kostnaðarhagræði sem felist í starfseminni geri fleiri og smærri aðilum kleift að starfa á fjármálamarkaðnum. Ef hvert og eitt fyrirtæki þyrfti að sinna starfseminni sjálft þá væri stærðarhagkvæmni (e. economies of scale) forsenda fyrir rekstri á markaðnum enda myndi slíkur rekstur auka rekstrarkostnað og hindra innkomu nýrra aðila vegna mikils byrjunarkostnaðar. Þannig auki samstarfið fjölbreytni á markaðnum og valmöguleika neytenda og viðskiptavina við val á viðskiptaaðila. Þessi atriði séu mjög mikilvæg í landi þar sem fjöldi viðskiptavina er jafn takmarkaður og raunin sé á Íslandi.

Reiknistofan sinni verkefnum sem ella þyrfti að vinna á mörgum stöðum í fjármálakerfinu með margföldum kostnaði. Megi í því sambandi nefna ýmsar breytingar, sem gengið hafi yfir íslenskt þjóðfélag svo sem myntbreytinguna 1981, tölvutengingu allra banka, sparisjóða og afgreiðslustaða þeirra um allt land frá 1986, tengingu við erlenda banka fyrir millifærslur fjármagns á milli landa frá 1989, upptöku fjármagnstekjuskatts árið 1997 og breytingu tölvukerfa vegna ársins 2000. Þessi verkefni hefði þurft að vinna á mörgum stöðum í bankakerfinu með margföldum kostnaði, hefði RB ekki verið fyrir hendi. Í framhaldi af setningu neyðarlaga í bankahrúninu haustið 2008 hafi miðlæg kerfi RB staðist þá áraun sem til þurfti til að halda innlendri greiðslumiðlun gangandi og með áfallalausum flutningi innstæðna og krafna frá föllnum bönkum til nýrra banka eftir fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins.

Í því sambandi sé mikilvægt að hafa í huga að sennilega gæti enginn hluthafa félagsins, einn og sér, annast þá starfsemi sem Reiknistofan sinni. Kostnaður vegna innkaupa og reksturs á stórtölvum sé slíkur að það væri mjög óhagkvæmt og jafnvel tæplega framkvæmanlegt. Samstarf aðila hafi jafnframt í för með sér margfalt betri nýtingu á þeim stórtölvum sem nauðsynlegar séu til að inna viðkomandi verkefni af hendi. Felist í því hvort tveggja stærðarhagkvæmni og hagkvæmni vegna umfangs (e. economies of scope), þar sem stórtölvurnar séu notaðar til að sinna fleiri og margbreytilegri verkefnum en ella og fasti kostnaðurinn dreifist á fleiri verkefni. Með samstarfinu séu viðkomandi framleiðslupættir nýttir á sem hagkvæmastan hátt.

Betri nýting framleiðslupátta hafi einnig jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem það dragi úr framleiðslu á óþarfa búnaði og tryggi einnig að kostnaður við rekstur búnaðarins sé lágmarkaður, t.d. með minni rafmagnspörf. Einnig sé ljóst að umhverfisleg sjónarmið komi einnig til skoðunar sem og rekstrarleg. Með því að fela einum aðila umsjón með tækjum og rekstri þeirra sé verið að hámarka nýtingu þeirra með þeim hætti að ábati allra aukist.

Starfsemi Reiknistofunnar hafi jafnframt í för með sér framþróun tækni og betri þjónustu við neytendur. Samstarf og kostnaðarskipting leiði til þess að aukið svigrúm sé til rannsókna, þróunar og innleiðingar nýrrar tækni. Þá meggi hér einnig nefna að notkun debetkorta byggi á miðlægum gagnagrunni félagsins.



Að lokum sé rétt að hafa í huga að seint verði gert of mikið úr mikilvægi þess að skráning, vistun, vinnsla og miðlun fjármálaupplýsinga sé hnökralaus og örugg. Uppbygging traustra og öruggra kerfa sé mikilvægasta verkefni Reiknistofunnar. Aðferðafræði við hönnun, gangsetningu og rekstur kerfa hennar taki mið af mikilvægi þeirra fyrir íslenskt bankakerfi. Dreifing kostnaðar á markaðsaðila tryggir að ávallt sé lagt til fullnægjandi fjármagn til að sinna þessu verkefni eins og best verði á kosið.

Þar sem starfsemi Reiknistofunnar leiði af sér ódýrari og virkari rekstur fjármálaþjónustu leiki enginn vafi á því að a-liður 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga sé uppfylltur. Um hag neytenda af bættri nýtingu þeirra aðfanga sem nauðsynleg séu til þess að unnt sé að reka fjármálaþjónustu sé óþarft að fjölyrða. Augljóst þykir að neytendur njóta ávinnings á þeim sviðum til viðbótar því kostnaðarlega hagræði sem fylgi starfseminni. Þannig sé ljóst að b-liðurinn sé jafnframt uppfylltur enda eigi neytendur kost á betri þjónustu, meiri samkeppni og betri nýtingu á tækjabúnaði sem leiði til minni samfélagslegs kostnaðar.

Það sé ljóst að án Reiknistofunnar myndi þjónusta við viðskiptavinum vera síðri en hún sé í dag. Þannig sé samstarfið til þess fallið að efla samkeppni á markaðnum verulega sem sé ætíð hagfelld bæði neytendum og samfélaginu í heild, sbr. einnig stafliði a) og b).

Fram kemur í erindinu að það liggja fyrir að starfsemi Reiknistofunnar leggi ekki óþarfa kvaðir á eigendur félagsins eða skapi farveg að samkeppnishömlum og því séu stafliðir c) og d) einnig uppfylltir. Eins og fram hafi komið eigi allir aðilar fjármálamarkaðarins með tilskilin starfsleyfi að eiga sama aðgang að þeirri þjónustu sem Reiknistofan veiti. Fyrirtæki utan eigendahópsins í viðskiptum við Reiknistofuna séu t.d. MP Banki hf, Saga Capital Fjárfestingarbanki o.fl. Samstarfið takmarki ekki aðgerðir eða starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði og telji félagið að c-liðurinn sé þannig uppfylltur. Þannig gangi samstarfið eins skammt og mögulegt sé til að ná þeim markmiðum sem lýst sé hér að framan. Mikilvægt sé að hafa í huga að starfsemi Reiknistofunnar hafi engin áhrif á þjónustuframboð og verðlagningu viðskiptavina. Helst þá að starfsemin dragi úr kostnaði þeirra sem geri þeim kleift að bjóða þjónustu sína ódýrar en ella. Þá eyði stjórnarskipan félagsins öllum þeim vandkvæðum sem hugsanlega leiði af eignarhaldi á félaginu.

Samkvæmt öllu því sem fram hafi komið, ekki síst að því er varði hina virku samkeppni sem fyrir hendi sé milli samstarfsaðila, sé ljóst að samstarfið veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varði verulegan hluta þjónustunnar sem um sé að ræða, heldur sé það einmitt til þess fallið að efla og styrkja samkeppni. Sé því stafliður d) uppfylltur.

Þannig sé ljóst að öll hin lögbundnu skilyrði 15. gr. samkeppnislaga séu uppfyllt, telji Samkeppniseftirlitið að samstarfið falli undir 10. gr. laganna.

Reiknistofan telur, samkvæmt erindinu, framangreinda umfjöllun leiða í ljós að starfsemi hennar sé í fullkomnu samræmi við samkeppnislög og markmið þeirra. Samstarf eigenda félagsins sé nauðsynlegt til að hægt sé að inna af hendi þá þjónustu sem það sinni og leiði ekki að neinu leyti til þess að þeir samræmi samkeppni sín á milli. Með þessu sé tryggt að félaginu sé veitt aðhald bæði af eigendum sem og viðskiptavinum. Vegna



séreðlis fyrirtækisins þá tryggja það að félagið veiti tryggja og örugga þjónustu með sem hagkvæmastum hætti. Reiknistofan óski eftir því að samkeppnisyfirlit með afgreiði málið með formlegum og rökstuddum hætti, einnig þótt að 10. gr. samkeppnislaga komi ekki til greina.

Starfsemi Reiknistofunnar hafi það hvorki að markmiði að raska samkeppni né heldur leiði það af starfsemi félagsins að samkeppni sé raskað. Þvert á móti þá telji félagið að tilvist þess hafi skapað grundvöll fyrir tilvist smærri fjármálafyrirtækja og þannig aukið samkeppni á fjármálamarkaði sem að mati félagsins sé mjög sérstakt þegar litið sé til smæðar markaðarins. Þá telji Reiknistofan að skilyrðum 15. gr. samkeppnislaga sé fullnægt og því séu allar forsendur fyrir því að heimila starfsemi Reiknistofunnar.

3. Samruni Reiknistofunnar og Teris

Þann 31. janúar 2012, barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Reiknistofunnar á hluta af eignum Teris, sem er upplýsingatæknifyrirtæki á markaði fyrir fjármálaþjónustu og annast félagið mjög sambærilega þjónustu og Reiknistofan. Verður hér á eftir getið um megin atriðin sem fram koma í samrunaskrá.

Í samrunaskrá kemur fram að samkvæmt samþykktum félagsins sé tilgangur Reiknistofunnar að skapa forsendur fyrir hagkvæmri faglegri og samkeppnishæftri starfsemi á fjármálamarkaði með því m.a. að veita þjónustu á sviði upplýsingatækni og tengdrar starfsemi. Hún felist fyrst og fremst í því að þjóna bönkum, sparisjóðum og kortafyrirtækjum með rekstri einnar öflugustu tölvumiðstöðvar landsins. Helstu tölvukerfi RB séu á sviði innlána, útlán, bókhalds, debetkortaviðskipta, þjónustusíma og greiðsluþjónustu. Einn þáttur í starfsemi RB sé fólgin í prentun og póstlagningu reikningsyfirlita og greiðsluseðla.

Þá kemur fram að samkvæmt samstarfssamningi um Teris sé hlutverk þess að vera upplýsingasvið samstarfsaðila og veita þeim víðtæka þjónustu á öllum sviðum upplýsingatæknimála, s.s. varðandi ráðgjöf, þróun, rekstur, innkaup og öryggismál. Fyrir hrun fjármálamarkaðar hafi Teris boðið upp á heildstæðar lausnir á sviði upplýsingatækni fyrir fjármálastofnanir og hafi Teris sérhæft sig í viðskiptabanka- og fjárfestingabankalausnum. Nú hafi lausnarframboð félagsins verið einfaldað mikið og bjóði það ýmsar viðskiptabankalausnir, netbankalausnir, samþættingarlausnir, rekstrarþjónustu og notendapjónustu.

3.1 Aðdragandi og markmið samrunans

Fram kemur að í kjölfar falls stærstu eignaraðila Teris á undanförunum árum hafi stjórn Teris unnið úr ýmsum hugmyndum um hagræðingu í rekstri Teris, m.a. með viðræðum við nokkra aðila um sameiningu eða sölu á tilteknum eignum. Á árinu 2011 hafi borist tvö tilboð í eignir Teris en þau hafi bæði verið afar óhagstæð og óaðgengileg að mati stjórnar Teris. Viðskiptin sem hér sé um fjallað hafi átt sér stuttan aðdraganda. Eftir að sameining Byrs og Íslandsbanka hafi legið fyrir síðla árs 2011 hafi Teris boðið Íslandsbanka að gerast aðili að samstarfssamningi um Teris sem Íslandsbanki hafi hafnað. Í framhaldi af því hafi Teris hafið viðræður við RB í því skyni að tryggja mætti áframhaldandi aðgengi smærri fjármálastofnana að þeim lausnum sem væru nauðsynlegar fyrir rekstur



sparisjóðanna og MP banka. Á þessi sjónarmið hafi stjórn Teris fallist, enda hafi svipaðar hugmyndir áður komið fram innan stjórnar. Eftir stuttar viðræður, þar sem farið hafi verið yfir þá möguleika sem uppi voru í stöðunni, hafi að RB lagt fram kautilboð í hluta af eignum Teris sem samþykkt hafi verið af hálfu Teris þann 21. janúar 2012.

Markmiðið með samrunanum sé fyrst og fremst að tryggja áframhaldandi rekstur og þróun á einu fjölbankalausnunum sem í boði séu á þessu sviði. Með því sé um leið skotið styrkari stöðum undir áframhaldandi rekstur smærri fjármálastofnana, því lausnirnar séu nauðsynlegar fyrir þeirra starfssemi. Afar óhagkvæmt væri hins vegar að reka þær áfram í svo smáari einingu sem Teris sé eftir útgöngu Byrs. Þá stefni RB á að nýta þau samlegðaráhrif sem samruninn hafi í för með sér t.d. með því að lækka rekstrarkostnað við lausnirnar. Í áætlun um rekstur Teris á árinu 2012 í óbreyttri mynd sé gert ráð fyrir að tekjur verði um [...] milljónir en gjöld um [...] milljónir.³ Án lækkunar á rekstrarkostnaði verði ekki hægt að réttlæta áframhaldandi rekstur og þróun lausnanna innan Teris í óbreyttri mynd og erfitt um vik að ná fram frekari hagræðingu í rekstrarkostnaði. [...].

Það sé einnig markmið með samrunanum að koma hinum keyptu eignum fyrir í fjárhagslega traustu félagi sem búi yfir nægum styrk til að tryggja viðskiptavinum Teris áframhaldandi þjónustu og njóti nægs trausts til að selja lausnirnar til annarra fjármálastofnanna. Líklegt verði að telja að það muni svo skila sér í lækkaðri gjaldskrá til allra viðskiptavina með aukinni dreifingu á kostnaði. Sé það mat samrunaaðila að samruninn muni flýta fyrir nútímavæðingu lausna RB en hún muni auðvelda öðrum tæknifyrirtækjum og tölvudeildum bankanna að tengja sínar eigin lausnir við lausnir RB eða að byggja þær ofan á lausnir RB. Kaupin og nútímavæðing lausna RB muni því tryggja betur samkeppni um ýmsar virðisaukandi bankalausnir fyrir fjármálastofnanir í landinu.

3.2 Eðli samrunans

Með samþykktu kautilboði, dags. 21. janúar 2012, kaupir RB af samstarfsaðilum um Teris hluta af eignum Teris sem nánar séu tilgreindar í viðauka við kautilboðið. Til hins selda skv. kautilboðinu teljist m.a. starfsemi Teris sem felist í þjónustusamningum við viðskiptavinum sem noti þann búnað og þá þjónustu sem nánar sé tilgreind í kautilboðið. Einnig tilheyra gagnagrunnar Teris, kröfur vegna verka í vinnslu sem tengjast hugverkum sem seld séu kaupanda, tölvubúnaður, innviðir kerfisrýmis, verkferlar, möppur, lausnir, markaðsefni og önnur viðskiptasambönd ásamt öðrum framseljanlegum réttindum sem tengjast hinu selda. Einnig skulu öll framseljanleg réttindi til hugbúnaðar og hugverka fylgja hinu selda, hvort sem um ræði afnotarétt, höfundarréttindi, einkaleyfisrétt, vörumerki, hönnunarrétt eða rétt til viðskiptaleyndarmála og yfirteknar skuldbindingar. Verði samruninn samþykktur muni hið selda renna inn í rekstur RB.

Samhliða afhendingu hins selda skuldbindi RB sig til að yfirtaka skuldbindingar Teris vegna hugbúnaðarleyfa og rekstrarleigusamninga á tölvubúnaði, sem nauðsynlegar séu til að uppfylla áfram þjónustusamninga við viðskiptavinum Teris vegna hins selda. Þeim samningum sem séu ekki nauðsynlegir fyrir áframhaldandi rekstur þeirra þjónustupátta sem RB taki yfir verði að öllum líkindum sagt upp af hálfu Teris og því ekki teknir yfir af

³ Upplýsingar innan hornklofa í þessu skjali eru felldar niður vegna trúnaðar.



RB og félaginu því óviðkomandi. Samkvæmt kauptilboðinu skuli Teris afhenda hið selda til RB eigi síðar en 1. mars 2012.

Kauptilboðið sé undirritað með fyrirvara um efni áreiðanleikakönnunar, en áætlað sé að gerð hennar ljúki eigi síðar en 31. janúar 2012. Einnig sé gerður fyrirvari um að meginþorri lykilstarfsmanna sem tengjast þjónustu og rekstri hins selda þiggi ráðningu hjá RB samfara afhendingu hins selda. Í samþykkt kauptilboðsins sé einnig gerður fyrirvari um samþykki eigendafundar Teris. Boðaður hafi verið slíkur fundur þann 2. febrúar 2012 þar sem fyrirhugað sé að greiða atkvæði um tilboðið. Að lokum sé í kauptilboðinu gerður fyrirvari um samþykki Samkeppniseftirlitsins á kaupunum.

3.3 Markaðir

Samrunaaðilar benda á að töluverðar breytingar hafi nýlega verið gerðar á rekstri Reiknistofunnar og standi þær í raun enn yfir, sbr. undanþágubeiðni félagsins dags. 23. febrúar 2011 sem nú sé til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Muni umræddar breytingar færa starfsemi RB að mestu leyti yfir á samkeppnismarkað.

Eigendur Reiknistofunnar starfi við ýmis konar fjármálaþjónustu og hafi Reiknistofan hingað til veitt þeim tölvuþjónustu á mjög sérstöku og afmörkuðu sviði, þ.e. hvað varði skráningu, varðveislu, gagnavinnslu og aðgengi að rafrænum fjármálaupplýsingum. Sé sú þjónusta nú einnig í boði með almennari hætti en áður og þar að auki stefni RB á að auka þjónustuframboð félagsins til lengri tíma. Teris starfi í dag hins vegar fyrst og fremst á markaði fyrir sölu á upplýsingatækniþjónustu til fjármálafyrirtækja.

Ljóst sé að starfsemi samrunaaðila skarist á mörgum sviðum enda bæði félögin starfandi á markaði fyrir hugbúnaðargerð, þróun og hýsingu tölvukerfa. Hér skuli þó bent á að RB hafi hingað til ekki verið starfandi á þeim markaði sem hinar yfirteknu eignir falla undir nema að litlu leyti, þ.e. netbankalausnir, afgreiðslukerfi þjónustufulltrúa og samþættingarlausnir. Með vísan í skilgreiningu Samkeppniseftirlitsins og í samræmi við fyrri umfjöllun samkeppnisyrivalda hér á landi megi halda því fram að samrunaaðilar starfi á sérstökum undirmarkaði upplýsingatækni- eða hugbúnaðarmarkaðar, einkum í svokölluðum viðskiptabanka- og greiðslulausnum. Í dag sé velta samrunaaðila tilkomin vegna viðskipta þeirra hér á landi og því rétt að meta svo að hin landfræðilegi markaður málsins sé Ísland.

Í samrunaskránni er bent á að tæknilausnir Reiknistofunnar eigi það flestar sammerkt að vera nauðsynlegar fyrir grunnstarfssemi fjármálafyrirtækjanna frekar en að skapa einstökum viðskiptavinum Reiknistofunnar samkeppnislegt forskot hverjum á annan. Lausnir Reiknistofunnar hafi hvorki haft áhrif á ákvörðun hvers viðskiptabanka eða sparisjóðs um kjör viðskiptavina né hvernig þeirra vörur sé mótaðar, settar saman og boðnar viðskiptavinum.

Í þessu ljósi megi spyrja hvort Reiknistofan sé ekki að taka skref út fyrir sitt hefðbundna verksvið með því að fjárfesta í netbankalausn. Að mati samrunaaðila sé svarið við því nei, enda hafi Teris um nokkurt skeið unnið að þróun netbanka sem byggji alfarið á þjónustueiningum. Með því móti hafi tekist að skilja á milli þeirra þátta sem geti annars



vegar talist til grunninnviða og grunnvirkni netbankans og hins vegar framenda netbankans þar sem fjármálastofnanir setji fram sitt þjónustuframboð. Hugmyndin byggir á því að það sé ekkert samkeppnislegt forskot í sjálfum grunninnviðunum (e. infrastructure), þ.e. vélbúnaði, stýrikerfum og gagnagrunnum, sem keyri netbanka fjármálastofnana. Einnig treysti netbankinn á ýmsar staðlaðar aðgerðir eða þjónustueiningar, sbr. gerð reikningsyfirlits, greiðsluaðgerðir, sambankaþjónustur, o.fl. sem skapi fjármálastofnunum ekkert samkeppnislegt forskot. Þessar stöðluðu þjónustueiningar hafi svo verið hjúpaðar þjónustulagi/þjónustutorgi (e. Portal – framework), sem geri fjármálastofnunum sjálfum kleift að byggja sinn eigin framenda í netbankanum og bæta við sínum eigin sértæku þjónustum með þróun sinna eigin þjónustueininga, sbr. fyrir vildarþjónustu og verðbréf. Fjármálafyrirtækin geti einnig fengið önnur utanaðkomandi fyrirtæki til að þróa þjónustueiningar fyrir sig sem yrðu svo tengdar við netbankann til að skapa þeim enn frekari sérstöðu á markaði, sbr. Meniga, lífeyri, tryggingar, o.fl.

Ætla megi að rúmlega 20% af öllu þeim kostnaði sem fjármálafyrirtæki setji í upplýsingatæknimál tengist netbönkum þeirra. Hjá smærri fjármálafyrirtækjum sé þetta hlutfall jafnvel enn hærra. Netbankarnir séu því langstærsti liðurinn í upplýsingatæknikostnaði fjármálafyrirtækjanna. Hönnun netbankans geri það að verkum að hægt sé að lækka þennan kostnað verulega með því að útvista grunninnviðunum og grunnvirkni netbankanna til hins sameinaða félags. Auk þess geri hönnun netbankans fjármálastofnunum kleift að setja meiri fjármuni í framendapróun og sértæka virkni.

Netbankinn sem Teris hafi þróað sé eina fjölbankalausnin sem völ sé á hér á landi. Hann sé nauðsynlegur fyrir áframhaldandi rekstur MP banka og sparisjóðanna. Með mögulegri aðkomu stærri fjármálastofnana að netbankanum yrði hægt að lækka rekstrarkostnaðinn við grunninnviðina og grunnvirkni hans umtalsvert, öllum viðskiptavinum til góða.

3.4 Áætluð markaðshlutdeild

Fram kemur að samanlögð heildarvelta Reiknistofunnar og Teris á árinu 2011 hafi verið um 4,6 milljarðar¹ og um 4,8 milljarðar á árinu 2010. Rekstrartekjur af þeim eignum sem Reiknistofan yfirtaki af Teris hafi verið um 736 milljónir á árinu 2011 en verði samkvæmt tekjuáætlun 2012 um 566 milljónir. Benda megi á að í skýrslu Samkeppniseftirlitsins, *Samkeppni á bankamarkaði*, komi fram að reikna megi með að árlegur rekstrarkostnaður banka og sparisjóða á Íslandi hafi verið nærri 64 milljarðar króna árið 2010. Þar af hafi kostnaður vegna upplýsingatækni fjármálastofnanna verið á bilinu 16-17 milljarðar króna.⁴

Miðað við heildarveltu áður nefndra atvinnugreina sé ljóst að hlutdeild samrunaaðila á markaðnum sé sameiginlega ekki mjög mikil, um 11-12%. Hins vegar verði hér að hafa í huga að um sé að ræða heildarveltu atvinnugreina sem nái yfir nokkuð fjölbreyttari starfsemi en samrunaaðilar sinni í rekstri sínum. Eins og áður segi sé það álit samrunaaðila að líklega starfi þeir á tilteknum undirmarkaði upplýsingatækni og hugbúnaðargerðar, en slíkur markaður hafi enn ekki verið skilgreindur með nákvæmum hætti. Líkt og áður greini felist starfsemi samrunaaðila þó fyrst og fremst í þjónustu við

⁴ Ritröð Samkeppniseftirlitsins. *Samkeppni á bankamarkaði*. Rit nr. 1/2011 Umræðuskjal. Apríl 2011.



fjármálafyrirtæki hér á landi og sér í lagi við gerð viðskiptabankalausna. Nokkur fjöldi fyrirtækja starfi á þessum markaði með einum eða öðrum hætti. Þá hafi fjármálstofnanirnar sjálfar yfir að ráða töluvert stórum hópi starfsmanna sem sinni slíkum verkefnum. Sé miðað við áður nefndar tölur í skýrslu Samkeppniseftirlitsins, *Samkeppni á bankamarkaði*, um að tæknikostnaður viðskiptabankanna hafi verið 16-17 milljarðar króna árið 2010, sé hlutdeild Reiknistofunnar í heildar tæknikostnaði fjármálamarkaðarins á bilinu [...]%. Að sama skapi sé hlutdeild Teris um [...]% á sama markaði. Áætlanir 2012 geri ráð fyrir að velta Reiknistofunnar verði eftir samrunan um 3.616 milljónir sem jafngildi um [...]% markaðshlutdeild miðað við stærð markaðsins árið 2010.

Samrunaaðilar telji að aðgangur að markaðnum sé opinn enda sýni það sig að margir smærri aðilar séu starfandi á markaðnum sem geti boðið samkeppnishæfar vörur í samkeppni við samrunaaðila. Vegna mikils kaupendastyrks og auðvelds aðgengis bæði innlendra og erlendra aðila að markaðnum á Íslandi búi samrunaaðilar því við töluvert samkeppnislegt aðhald. Að mati samrunaaðila muni kaup Reiknistofunnar jafnframt tryggja áframhaldandi aðgang smærri fjármálastofnanna að nauðsynlegum tæknilausnum fyrir viðskiptabankastarfsemi.

Samrunaaðilar telji enn fremur að samruninn sé ekki til þess fallinn að hafa áhrif á markaðsgerð þeirra markaða sem áhrifa hans gæti á með neikvæðum hætti. Ekki verði séð að samruninn breyti markaðsgerðinni að neinu leyti en niðurlagning á hluta af starfsemi Teris gæti hins vegar haft í för með sér enn meiri samþjöppun á markaði fyrir viðskiptabankastarfsemi.

4. Málsmæðferð rannsóknar á undanþágubeiðni Reiknistofunnar og samruna

Eins og áður greinir fjallar ákvörðun þessi um rannsókn á tvenns konar erindum er varða framtíðarstarfsemi Reiknistofu bankanna hf. Annars vegar er beiðni um undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga frá banni við samkeppnishamlandi samstarfi á vettvangi Reiknistofunnar. Hins vegar er rannsókn á fyrirhuguðum kaupum Reiknistofunnar á Teris. Sú rannsókn hófst eftir að meðferð á fyrrgreindri undanþágubeiðni var langt á veg komin.

Vegna mikilvægis þess markaðar sem Reiknistofan starfar á og þeirra markaða sem starfsemin tengist og hefur möguleg áhrif á var undanþágubeiðnin send til umsagnar helstu hagsmunaaðila á þeim mörkuðum. Er þar um að ræða fjármálafyrirtæki, færsluhirða, hýsingaraðila, hugbúnaðarhús og aðila sem tengjast markaði fyrir upplýsingatækni. Var óskað eftir rökstuddri umsögn um undanþágubeiðnina og möguleg áhrif á samkeppni frá 27 aðilum.

Viðbrögð bárust frá 10 aðilum. Í svörum frá Valitor hf., Landsbanka hf. og Teris eru ekki gerðar athugasemdir við undanþágubeiðnina. Auk þessara aðila bárust sjónarmið frá Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Arion banka hf., Borgun hf., Skýrr hf. (nú Advania), Kortapjónustunni hf. og Íslandsbanka hf. Var Reiknistofunni gefið tækifæri til að tjá sig um þessi sjónarmið, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins, dags. 10. maí 2011, og athugasemdir Reiknistofunnar, dags. 15. júní 2011. Þá ákvað Samkeppniseftirlitið að afla frekari gagna frá Reiknistofunni með bréfi, dags. 27. júní 2011. Einnig óskaði Samkeppniseftirlitið eftir nánari upplýsingum um sjónarmið Borgunar hf.



Eftir að Samkeppniseftirlitinu hafði verið tilkynnt um fyrirhuguð kaup Reiknistofunnar á Teris, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir rökstuddu mati Reiknistofunnar á mögulegum áhrifum hins tilkynnta samruna á undanþágubeiðnina. Reiknistofan svaraði því með bréfi, dags. 23. febrúar 2012.

Með hliðsjón af mikilvægi þeirra markaða sem starfsemi Reiknistofunnar varðar og til leiðbeiningar fyrir þá aðila sem starfa á viðkomandi mörkuðum er framangreind gagnaöflun og sjónarmið aðila á markaði rakin í [Viðauka I](#) við ákvörðun þessa.

Til viðbótar framangreindu og í því skyni að styrkja enn frekar greiningu á starfsemi Reiknistofunnar og ákvörðun í málinu fékk Samkeppniseftirlitið óháð ráðgjafarfyrirtæki til þess að fjalla um tæknilega og kerfislega þætti. Nýtti Samkeppniseftirlitið m.a. þetta mat til þess að taka afstöðu til rökstuðnings fyrir undanþágubeiðninni og hugsanlegra skilyrða vegna samstarfs um rekstur Reiknistofunnar. Til þessa verks var fengið ráðgjafafyrirtækið Admon ehf. Til leiðbeiningar fyrir aðila sem starfa á viðkomandi mörkuðum er í [Viðauka II](#) birt umfjöllun um framangreint mat og viðbrögð Reiknistofunnar við því.

Við meðferð tilkynningar um fyrirhuguð kaup Reiknistofunnar á Teris var afrit af samrunaskrá sent til ýmissa hagsmunaaðila í upplýsingatækniþjónustu og óskað rökstuddrar umsagnar þeirra um möguleg samkeppnisleg áhrif af fyrirhuguðum samruna. Móttók Samkeppniseftirlitið sjónarmið vegna þessa, bæði bréflega og á fundum.

Í tengslum við fyrirhuguð kaup Reiknistofunnar á Teris lýstu aðilar máls sig reiðubúna til að setja fram og ræða skilyrði sem til þess væru fallin að ryðja úr vegi hugsanlegum samkeppnishindrunum sem tengjast báðum þeim málum sem hér eru til umfjöllunar. Þann 7. mars 2012 bárust Samkeppniseftirlitinu með tölvupósti drög Reiknistofunnar að skilyrðum sem umræðugrundvöllur fyrir sátt í þeim tveimur málum sem fjallað er um í þessari ákvörðun. Eftir viðræður við aðila máls tók Samkeppniseftirlitið umrædd skilyrði til nánari skoðunar og leitaði sjónarmiða aðila á markaðnum. Sú vinna hefur leitt til þeirrar sáttar sem fjallað er um í ákvörðun þessari.

Til viðbótar framangreindu hefur Samkeppniseftirlitið átt fjölmarga fundi með aðilum beggja málanna og öðrum sem starfa á fjármála- og upplýsingatæknimörkuðum.



II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur verið til athugunar hvort samstarf keppinauta á fjármálamarkaði sem á sér stað á vettvangi Reiknistofunnar falli undir gildissvið 10. gr. samkeppnislaga og hvort skilyrði 15. gr. laganna fyrir undanþágu séu uppfyllt. Jafnframt hefur verið til athugunar hver samkeppnisleg áhrif af samruna Reiknistofunnar og Teris kunni að verða. Þessi mál eru um margt náskyld og þótti rétt að fjalla um þau í einu lagi, sbr. einnig umfjöllun hér að framan.

Í 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. lög nr. 52/2007, kemur fram að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að ljúka málum með sátt. Í 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 segir að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkvæmt ákvæðinu getur sátt m.a. falist í því að fyrirtæki fallist á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaðnum eða hlíta fyrir mælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Eins og fram hefur komið hafa Samkeppniseftirlitið og framangreind fyrirtæki gert með sér sátt um niðurstöðu málsins. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á framangreindum erindum er lokið með þeim hætti sem rakið verður í þessari ákvörðun.

1. Skilgreining markaða og staða fyrirtækja á þeim

Í upphafi þykir rétt að gera stutta grein fyrir því fyrirkomulagi sem verið hefur í uppbyggingu og rekstri tölvu- og upplýsingakerfa sem tengjast starfsemi á íslenskum fjármálamarkaði undanfarin ár og skilgreiningu markaða og stöðu fyrirtækja á þeim.

Reiknistofa bankanna var stofnuð þann 23. mars 1973. Tilgangur Reiknistofunnar er, samkvæmt samþykktum félagsins frá 15. desember 2010, að skapa tæknilegar forsendur fyrir hagkvæmri, faglegri og samkeppnishæfri starfsemi á fjármálamarkaði með því m.a. að veita þjónustu á sviði upplýsingatækni og tengdrar starfsemi.

Starfsemi Reiknistofunnar er að þjóna bönkum, sparisjóðum og kortafyrirtækjum með rekstri einnar öflugustu tölvumiðstöðvar landsins. Reiknistofan annast fjölbreytt og umfangsmikil verkefni á sviði bankaviðskipta. Helstu tölvukerfin sem eru í eigu Reiknistofunnar og þjóna bönkum og sparisjóðum eru (kjarnaverkefni):

Innlánakerfi (IN)	Aðalbókhaldskerfi (GL)
▪ Tékkakerfi (AH)	Viðskiptamannaskrá (VS)
▪ Sparisjóðskerfi (SP)	Innlendir gjaldeyrisreikningar (IG)
▪ Lokunarskrá (SS)	Kortagerð (KG)
Útlánakerfi (UT)	Heimildarkerfi (HG)
Debetkortakerfi (DK)	Afgreiðslukerfi (AK)
Millibankauppgjör (GG)	Greiðsluþjónusta (GR)
Afgreiðslukerfi (AK)	Þjónustusími (BS)
Fjárhagsstaða einstaklinga (FE)	Sjálvirk skuldfærsla (GR)



Ráðstöfunarskrá (RR)
Tryggingaskrá (TS)

Heildarlánaflokkun (HL)

Eru þessi tölvukerfi og tilheyrandi lausnir m.a. á sviði innlána, útlána, bókhalds, gjaldeyrisviðskipta, debetkortaviðskipta, þjónustusíma og greiðsluþjónustu. Notkun debetkorta byggir á þjónustu Reiknistofunnar allan sólarhringinn alla daga ársins. Annast Reiknistofan jafnframt alla hugbúnaðarþróun sem tengist þessum kerfum.

Verkefni Reiknistofunnar í hýsingu tölvukerfa eru tvískipt. Annars vegar það að hýsa þau kerfi sem tilheyra Greiðsluveitunni og að annast tæknilegan daglegan rekstur, viðhald og hugbúnaðarþjónustu fyrir þau kerfi sem verktaki. Helstu kerfin þar eru stórgreiðslukerfið sem áður tilheyrði Seðlabankanum (SG), jöfnunarkerfið (JK) og kerfi fyrir rafræna greiðslumiðlun (RÁS) auk annarra minni kerfa og önnur hliðarkerfi, Birtingur (CF), Kröfupottur (IK) og SWIFT (ME). Þessi kerfi eru skilgreind sem kjarnakerfi í rekstri hjá Reiknistofunni. Hins vegar er það að hýsa kerfi í eigu annarra, leggja til rafmagn og kælingu en annast engan rekstur sem tengist þeim.

Önnur verkefni innan Reiknistofunnar fyrir fjármálafyrirtæki eru t.d. Skipaskrá, Vaxta- og gjaldakerfi, Veðbókarvottorð, Bankatafla, Gengisskráning, Nafnaskrá og Völundur sem er vefviðmót við innra fjármálafyrirtækja.

Bankar, sparisjóðir og kortafyrirtæki stunda öfluga upplýsingamiðlun til viðskiptavina sinna. Þáttur Reiknistofunnar er þar m.a. fólgin í prentun og póstlagningu reikningsyfirlita og greiðsluseðla.

Það sem að framan segir bendir, að mati Samkeppniseftirlitsins, til þess að Reiknistofan starfi annars vegar á markaði fyrir sérhæfðar og miðlægar tölvu- og hugbúnaðarlausnir sem í dag eru aðallega sniðnar að þörfum fyrirtækja á almennum fjármálamarkaði (bankar og sparisjóðir, flestir sem eigendur Reiknistofunnar) en muni í framtíðinni, samkvæmt stefnu félagsins, mögulega verða beint einnig að annarri starfsemi eins og t.d. tryggingafélögum og lífeyrissjóðum. Fylgir þessari starfsemi ýmis þjónusta eins og prentun og útsending reikningsyfirlita fyrir fjármálafyrirtæki. Hins vegar er um að ræða starfsemi sem varðar hýsingu tölvukerfa í eigu annarra með eða án daglegs rekstar, viðhalds og hugbúnaðarþjónustu vegna þeirra og þá á grundvelli verktakasamninga.

Að öllu framansögðu virtu er það mat Samkeppniseftirlitsins að núverandi starfsemi Reiknistofunnar sé aðallega á markaði fyrir sérhæfð eigin tölvukerfi og sérhæfðar tölvu- og hugbúnaðarlausnir þeim tengdum (upplýsingatæknipjónusta) fyrir fjármálafyrirtæki annars vegar og hins vegar á markaði fyrir hýsingu og daglegan rekstur á tölvukerfum í eigu annarra aðila sem öll tengjast starfsemi á fjármálamörkuðum. Til viðbótar annast Reiknistofan þjónustu sem tengist upplýsingamiðlun fyrir banka, sparisjóði og kortafyrirtæki sem felst m.a. í prentun og póstlagningu reikningsyfirlita og greiðsluseðla.

Starfsemi Teris er lýst í samrunaskrá. Fram kemur að samkvæmt samstarfssamningi um Teris sé hlutverk þess að vera upplýsingasvið samstarfsaðila og veita þeim víðtæka þjónustu á öllum sviðum upplýsingatæknimála, s.s. varðandi ráðgjöf, þróun, rekstur,



innkaup og öryggismál. Fyrir hrun fjármálamarkaðar hafi Teris boðið upp á heildstæðar lausnir á sviði upplýsingatækni fyrir fjármálastofnanir og hafi Teris sérhæft sig í viðskiptabanka- og fjárfestingabankalausnum. Nú hafi lausnarframboð félagsins verið einfaldað mikið og bjóði það ýmsar viðskiptabankalausnir, netbankalausnir, samþættingarlausnir, rekstrarþjónustu og notendabjónustu.

Með samþykktu kauptilboði, dags. 21. janúar 2012, kaupir Reiknistofan af samstarfsaðilum um Teris hluta af eignum Teris sem nánar séu tilgreindar í kauptilboðið. Til hins selda skv. kauptilboðinu teljist m.a. starfsemi Teris sem felist í þjónustusamningum við viðskiptavini sem noti þann búnað og þá þjónustu sem nánar sé tilgreind í kauptilboði. Einnig tilheyra gagnagrunnar, kröfur vegna verka í vinnslu sem tengjast hugverkum sem seld séu kaupanda, tölvubúnaður, innviðir kerfisrýmis, verkferlar, möppur, lausnir, markaðsefni og önnur viðskiptasambönd ásamt öðrum framseljanlegum réttindum sem tengjast hinu selda. Einnig eiga öll framseljanleg réttindi til hugbúnaðar og hugverka að fylgja hinu selda, hvort sem um er að ræða afnotarétt, höfundarréttindi, einkaleyfisrétt, vörumerki, hönnunarrétt eða rétt til viðskiptaleyndarmála og yfirteknar skuldbindingar. Við samrunann á hið selda að renna inn í rekstur Reiknistofunnar.

Eigendur Reiknistofunnar starfa við ýmis konar fjármálaþjónustu og hefur Reiknistofan hingað til veitt þeim tölvuþjónustu á mjög sérstöku og afmörkuðu sviði, þ.e. hvað varðar skráningu, varðveislu, gagnavinnslu og aðgengi að rafrænum fjármálaupplýsingum. Er sú þjónusta nú einnig í boði með almennari hætti en áður og þar að auki stefnir félagið á að auka þjónustuframboð félagsins til lengri tíma. Teris starfar í dag hins vegar fyrst og fremst á markaði fyrir sölu á upplýsingatækniþjónustu til fjármálafyrirtækja og þá fyrst og fremst til eigenda sinna.

Ljóst er af framansögðu að starfsemi samrunaaðila skarast á mörgum sviðum enda bæði félögin starfandi á markaði fyrir hugbúnaðargerð fyrir fjármálafyrirtæki og þróun og hýsingu tölvukerfa. Hér skal þó bent á að Reiknistofan hefur hingað til ekki verið starfandi á þeim markaði sem hinar yfirteknur eignir falla undir nema að litlu leyti, þ.e. netbankalausnir, afgreiðslukerfi þjónustufulltrúa og samþættingarlausnir.

Samkeppniseftirlitið tekur undir sjónarmið um að samrunaaðilar starfi á sérstökum undirmarkaði upplýsingatækni- eða hugbúnaðarmarkaðar, einkum í svokölluðum viðskiptabanka- og greiðslulausnum. Varðar þessi starfsemi nánast alla innbyrðis tengingu og uppgjör milli fjármálafyrirtækja og rekstur sameiginlegra kerfa. Eru þessi kerfi til grundvallar fullnustu fjármálalegra athafna, í lagalegum og fjármálegum skilningi, svo sem m.a. móttaka innlána, millifærslur fjár, greiðslumiðlun og útgáfa greiðslumiðla. Er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að með samruna við Teris er Reiknistofan að bæta verulega við starfsemi sína sem tengist þessari þjónustu við fjármálafyrirtæki. Kemur þar m.a. til að netbanki sem Teris hefur þróað flyst til Reiknistofunnar. Er þar um að ræða fjölbankalausn sem mun gefa Reiknistofunni færi á að selja öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum þá grunnlausn sem varðar tengingu viðskiptavina banka og sparisjóða við netbanka/heimabanka þeirra og þá þjónustu sem fylgir nútíma fjármálaþjónustu.



Með allt framangreint í huga þá sinna bæði félögin sambærilegri þjónustu gagnvart fjármálafyrirtækjum hér á landi. Til þessa hafa Reiknistofan og Teris einskorðað rekstur sinn og starfsemi við þjónustu gagnvart fjármálafyrirtækjum, þ.e. bönkum, sparisjóðum, Seðlabankanum, Greiðsluveitunni og færsluhirðunum Valitor og Borgun. Að langstærstum hluta hafa viðskiptavinir Reiknistofunnar og Teris verið eigendur fyrirtækjanna. Með tilliti til þess hvernig fyrirkomulagið hefur verið, og háttsemi eigenda Reiknistofunnar og Teris, má með nokkurri vissu álykta að um þessa starfsemi hafi ekki ríkt eiginleg virk samkeppni. Hafa önnur félög á upplýsingatæknimarkaði sinnt mjög litlum hluta af þjónustu á þessum tiltekna markaði. Af þessu hefur leitt að Reiknistofan og Teris hafa verið með allt að 100% markaðshlutdeild á þessum skilgreinda markaði um fullnustu fjármálalegra athafna sem falla mun til Reiknistofunnar verði af samrunanum. Leiðir þetta til þess að Reiknistofan mun hafa allt að 100% markaðshlutdeild á þessum skilgreinda markaði.

Til viðbótar við þessa starfsemi sem varðar fullnustu fjármálagerninga annast félögin bæði víðtæka þjónustu við fjármálafyrirtæki á sviði hugbúnaðagerðar, hýsingar og annarrar þjónustu sem lýst hefur verið hér framar. Er ljóst að lang stærstur hluti af kaupum eigenda Reiknistofunnar og Teris, og annars fyrirtækja á fjármálamarkaði, á umræddri þjónustu hafa beinst til umræddra félaga. Við mat á markaðshlutdeild var óskað eftir upplýsingum um selda þjónustu til fjármálafyrirtækja frá þremur stærstu aðilunum, Reiknistofunni, Advania og Nýherja á árunum 2010 og 2011. Var Reiknistofan með um [...]% markaðshlutdeild bæði árin. Einnig ber að horfa til þess að fjármálafyrirtækin, sem eru eigendur Reiknistofunnar, reka einnig flest hver öflugar tölvuþjónustudeildir sem annast hugbúnaðagerð, rekstur tölvukerfa og aðra skylda starfsemi. Er í því sambandi eðlilegt við mat á markaðshlutdeild að líta bæði til þessarar eigin þjónustu eigendanna og umfangs samrunaaðila sameiginlega. Með hliðsjón af þessu er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni leiða til þess að lang stærstur hluti af þeirri starfsemi sem varðar þennan þátt í upplýsingatækniþjónustu við íslensk fjármálafyrirtæki verður á hendi samrunaaðila og tengdra aðila eftir samrunann. Er það ljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að Reiknistofan sé með markaðsráðandi stöðu á þessum þjónustumarkaði í heild og muni styrkja hana enn frekar með samrunanum.

Í dag er velta samrunaaðila tilkomin vegna viðskipta þeirra hér á landi og því rétt að meta það svo að hinn landfræðilegi markaður málsins sé Ísland.

Hér á eftir verður fjallað um mat Samkeppniseftirlitsins annars vegar á mögulegum samkeppnislegum áhrifum af samruna Reiknistofunnar og Teris á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga og hins vegar um hvort samstarf um rekstur Reiknistofunnar falli undir 10. gr. samkeppnislaga og ef svo er hvort samstarfið samrýmist og uppfylli öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga. Verður fyrst fjallað um mat á samkeppnislegum áhrifum umrædds samruna.

2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

Í 17. gr. c samkeppnislaga er mælt fyrir um hið efnislega mat sem leggja beri á samruna fyrirtækja. Við túlkun á því ákvæði samkeppnislaga verður m.a. að líta til þess að eldri samkeppnislögum nr. 8/1993 var breytt með lögum nr. 107/2000. Í breytingunni fólst að



ákvæði samkeppnislaga sem ætlað var að vinna gegn samkeppnishömlum voru styrkt til muna, þ. m. t. samrunaákvæði laganna. Af lögskýringargögnum má ráða að einn megingilgangurinn með þessari lagabreytingu hafi verið að sporna gegn þeim samkeppnishömlum sem stafað geta af aukinni samþjöppun. Með lögum nr. 94/2008 var ákvæðum samkeppnislaga um samruna aftur breytt og fólst í þeirri breytingu frekari styrking á efnisreglum samrunaákvæða samkeppnislaga. Felur þetta m.a. í sér aukið svigrúm til efnislegs mats á samkeppnislegum áhrifum samruna. Í 17. gr. c samkeppnislaga segir m.a.:

„Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, getur stofnunin ógilt samruna.“

Að mati Samkeppniseftirlitsins varðar núverandi starfsemi og rekstur Reiknistofunnar og Teris nauðsynlega, flókna og þjóðhagslega mikilvæga markaði sem tengjast fjármálastarfsemi á Íslandi. Um er að ræða eignarhald og rekstur á kerfum sem varða greiðslumiðlun og greiðslujöfnun milli fjármálafyrirtækja sem tengjast daglegum og reglubundnum viðskiptum og samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við sína viðskiptabanka og sparisjóði. Með samrunanum verður starfsemi Reiknistofunnar enn víðtækari en hún er í dag á sviði upplýsingatækniþjónustu í landinu. Auk þessa er félagið aðili að starfsemi sem tengist færsluhirðingu þar sem greiðslukort, sérstaklega debetkort, eru notuð í viðskiptum hjá íslenskum söluaðilum vöru og þjónustu. Undirstrikar þessi víðtæka starfsemi félagsins hversu mikilvægt það er að ekkert í háttsemi og skipulagi félagsins hindri virka samkeppni á þeim mörkuðum sem félagið tengist. Þessi fyrirhugaði samruni leiðir til enn meiri samþjöppunar á skilgreindum markaði þessa máls. Eignarhald á félaginu er mikilvægt atriði sem gæta þarf að til að tryggja sem best að þeir sem þurfi á þjónustu þess að halda fái óhindraðan aðgang að kerfum og þjónustu félagsins.

Reiknistofan er í eigu nánast allra viðskiptabanka og sparisjóða landsins sem eru keppinautar um fjármálaþjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. Einnig eru tvö greiðslukortafyrirtæki eigendur að félaginu en þau eru í innbyrðis samkeppni í útgáfu greiðslukorta og í færsluhirðingu vegna notkunar þeirra hjá söluaðilum. Auk þess eru eigendurnir nánast einu viðskiptavinir félagsins. Með núverandi eignarhald á Teris í huga er afleiðing samrunans sú að enn sterkari tengsl verða á milli eignarhalds og notenda þjónustu Reiknistofunnar. Ljóst er að samkeppnisleg vandamál hafa fylgt sambærilegu fyrirkomulagi á eignarhaldi annarra félaga í eigu flestra sömu aðila. Má í því sambandi nefna Valitor hf., Borgun hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. (nú Greiðsluveitan hf. sem nú er alfarið í eigu Seðlabanka Íslands). Það fyrirkomulag hefur ekki gefist vel, sbr. umfjöllun hér að framan um ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga.*

Að mati Samkeppniseftirlitsins geta að óbreyttu stafað tiltekin samkeppnisleg vandamál af samrunanum sem lýst verður hér á eftir. Í því sambandi er nauðsynlegt að taka til skoðunar möguleg samkeppnisleg áhrif samrunans á markaði fyrir upplýsingatækni fyrir fjármálafyrirtæki hvort heldur sem varðar innbyrðis samskipti fjármálafyrirtækja eða



lausnir sem varða þjónustu þeirra við sína viðskiptavini. Með hliðsjón af þessu er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni leiða til þess að lang stærstur hluti af þeirri starfsemi sem varðar upplýsingatækniþjónustu við íslensk fjármálafyrirtæki verði á einni hendi.

Með vísan til þess sem áður er sagt um eignarhald og rekstrarumhverfi Reiknistofunnar og Teris er það mat Samkeppniseftirlitsins, að öðru óbreyttu, að staða Reiknistofunnar muni styrkjast við samrunann og samrunaaðilar verði með allt að 100% markaðshlutdeild á skilgreindum mörkuðum. Með hliðsjón af þessu er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni leiða til þess að lang stærstur hluti af þeirri starfsemi sem varðar upplýsingatækniþjónustu við íslensk fjármálafyrirtæki verður hjá Reiknistofunni. Í ljósi þessa sé nauðsynlegt að grípa til íhlutunar vegna samrunans svo komið sé í veg fyrir neikvæði samkeppnisleg áhrif af honum. Með sama hætti er augljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að samruninn hafi áhrif á úrlausn undanþágubeiðni Reiknistofunnar.

Verður hér á eftir tekið til athugunar hvort samstarf um rekstur Reiknistofunnar falli undir 10. gr. samkeppnislaga og ef svo er hvort samstarfið samrýmist skilyrðum 15. gr. laganna.

3. 10. og 12. gr. samkeppnislaga

Í 10. gr. samkeppnislaganna er lagt bann við samkeppnishamlandi samráði. Í ákvæðinu segir m.a. að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær séu bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni sé raskað, séu bannaðar. Bannið tekur m.a. til samráðs um verð, skilmála og önnur viðskiptakjör, skiptingu á mörkuðum og upplýsingaskipta um viðkvæm viðskiptaleg málefni.

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga segir að samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja séu bannaðar þegar þær hafa að markmiði að hafa áhrif á t.d. verð eða skiptingu markaða. Þetta orðalag felur það í sér að ákvæðið telst brotið við það eitt að fyrirtæki hafa með sér einhvers konar samvinnu um skiptingu markaða, án tillits til þess hvort samvinnan hafi haft áhrif á markaðnum. Þannig brýtur það í bága við ákvæðið ef keppinautar t.d. ákveða á fundi að hækka verð sitt. Hvort þessi aðgerð hafi þau áhrif í raun að verð hækki skiptir ekki máli í þessu samhengi, enda geta t.d. ýmsir utanaðkomandi þættir haft áhrif á hvort sú aðgerð takist. Ef samningur felur ekki í sér slíkar augljósar hömlur verður að taka til athugunar hvort slíkar hömlur geti leitt af viðkomandi samningi.

Samningur í skilningi 10. gr. laganna er t.d. fyrir hendi þegar aðilar hans fylgja sameiginlegri áætlun, sem takmarkar eða er líkleg til að takmarka sjálfstæða hegðun þeirra á markaðnum með því að stuðla að sameiginlegum aðgerðum eða athafnaleysi. Samningur í skilningi 10. gr. laganna getur verið í hvaða formi sem er og verður að skýra hugtakið rúmt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003. Í 10. gr. samkeppnislaga er gerður greinarmunur á samningi og samstilltum aðgerðum. Tilgangur þessa er að fella undir bann ákvæðisins samráð milli keppinauta, sem ekki hefur náð því stigi að teljast til samnings í skilningi 10. gr., er felur í sér að fyrirtækin vitandi vits hafa



með sér samvinnu í stað þess að taka þá áhættu sem felst í því að keppa með sjálfstæðum hætti á markaðnum.

Um samstilltar aðgerðir getur verið að ræða þótt keppinautar hafi ekki fallist á eða hegðað sér samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun. Við skýringu á því hvað felst í samráði sem fellur undir hugtakið samstilltar aðgerðir verður að líta til þess grundvallaratriðis að í samkeppni, í skilningi samkeppnisréttarins, felst að hvert fyrirtæki fyrir sig verði að ákveða sjálfstætt hvernig það ætlar að hegða sér á markaði. Þessi krafa um sjálfstæði bannar ekki að fyrirtæki grípi til aðgerða vegna hegðunar eða hugsanlegrar hegðunar keppinauta á markaðnum. Hún bannar hins vegar hvers konar samskipti milli keppinauta sem hafa það markmið eða af þeim leiðir að reynt er að hafa áhrif á hegðun núverandi eða væntanlegs keppinautar á markaðnum eða honum greint frá aðgerðum sem viðkomandi fyrirtæki ætlar að grípa til eða hugleiðir að grípa til á markaðnum. Ganga verður út frá því að fyrirtæki sem starfa á markaði og taka þátt í samstilltum aðgerðum, t.d. viðræðum um hugsanlegar verðbreytingar, hafi hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í slíkum viðræðum þegar þau taka ákvarðanir um eigin aðgerðir á markaðnum, nema að viðkomandi fyrirtæki geti sannað annað. Eins og áður sagði er ekki skilyrði að sýnt sé fram á að þessi hegðun á markaði hafi í raun haft skaðleg áhrif á samkeppni.

Í 12. gr. samkeppnislaga segir að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Í lögskýringagögnum kemur fram að í ákvæðinu „*sé hnykkt á því að jafnt samtökum fyrirtækja sem fyrirtækjunum sjálfum er óheimilt að standa að eða hvetja til hindrana sem brjóta í bága við bannákvæði þessara laga ...*“. Ljóst er samkvæmt þessu að brot á 12. gr. felur í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum enda þótt efnisinntak ákvæðisins komi að nokkru leyti fram í öðrum ákvæðum samkeppnislaga, s.s. 10. gr.

3.1 Samstarfið fellur undir 12., sbr. 10. gr. samkeppnislaga

Ljóst er að aðili eins og Reiknistofan getur bæði talist vera fyrirtæki og samtök fyrirtækja í skilningi samkeppnislaga. Má í þessu sambandi vísa til umfjöllunnar um eðli Valitors sem samtök fyrirtækja skv. 12. gr. samkeppnislaga, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2009. Eigendur Reiknistofunnar eru keppinautar á fjármálamarkaði. Samkvæmt þessu tekur 10. og 12. gr. samkeppnislaga til starfsemi Reiknistofunnar og allrar þeirrar samvinnu fyrirtækja sem á sér stað á vettvangi hennar. Hér er rétt að taka fram að það er undanþágubeiðenda að meta hvort viðkomandi starfsemi og samstarf vegna hennar brjóti í bága við 10. og e. a. 12. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið tekur því alla jafna ekki til meðferðar undanþágubeiðni nema þar fylgi hugur máli, þ.e. að undanþágubeiðendur telji nauðsynlegt að afla hennar. Í þessu máli er hins vegar ljóst að undanþágubeiðendur féllu á fyrri stigum málsins frá þeim málalátibúnaði að 10. gr. samkeppnislaga tæki ekki til starfsemi Reiknistofunnar. Sést það m.a. á því að Reiknistofan og eigendur hennar hafa nú náð sátt við Samkeppniseftirlitið á þeim grunni. Í máli þessu er aðeins tekin afstaða þeirrar starfsemi og samstarfs á vettvangi Reiknistofunnar sem lýst er í gögnum málsins.

Ljóst er að starfsemi Reiknistofunnar getur með augljósum hætti haft samkeppnisleg áhrif á mörkuðum, ekki aðeins á fjármálamarkaði heldur einnig á mörkuðum fyrir hýsingu



og tilheyrandi rekstur og hugbúnaðargerð. Hver einstakur banki og sparisjóður getur hagað sinni nauðsynlegu tölvuvinnslu og hugbúnaðargerð (upplýsingatækniþjónustu) að verulegu leyti með öðrum hætti en felst í jafn viðamiklu samstarfi við keppinauta eins og raunin er með fyrirhugaða starfsemi Reiknistofunnar. Er þá ekki verið að útiloka eðlilega og nauðsynlega samtengingu milli tölvu- og afgreiðslukerfa allra aðila á fjármálamarkaði þannig að þjónustan við viðskiptavinum og milli fyrirtækjanna innbyrðis sé örugg og skilvirk. Að mati Samkeppniseftirlitsins er það ótvírætt að verulegur hluti starfsemi Reiknistofunnar getur verið í samkeppni við aðra aðila og hefur auk þess samkeppnisleg áhrif á þeim markaði sem eigendur starfa. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort þjónusta fyrirtækisins hafi verið markaðssett með almennum hætti eða ekki. Einnig kemur skýrt fram í erindinu að stefna félagsins sé að útvíkka starfsemi þess en þar segir meðal annars.

„Breytingar þær sem eru tilefni þessa erindis fela í sér að þessi þjónusta er færð yfir á svið þar sem samkeppni ríkir. Slíkar breytingar taka nokkurn tíma eins og þegar hefur komið fram og því mun fyrst um sinn aðeins vera einblínt á að tryggja ákveðna innviði í félaginu til þess að það geti boðið upp á þjónustu á öðrum sviðum.“

Þetta verður að mati Samkeppniseftirlitsins ekki skilið öðru vísi en að stefna Reiknistofunnar, í það minnsta til framtíðar, sé að auka þjónustuframboð félagsins og markaðsetja hana á viðkomandi sviðum þar sem samkeppni ríkir.

Hér er einnig rétt að taka fram að tilhögun á skipan stjórnar útilokar ekki að samstarfið falli undir 10. gr. samkeppnislaga. Eignarhald keppinauta á félaginu er til þess fallið að skapa óæskilegan vettvang þeirra fyrir samræmingu aðgerða og ákvarðana sem geti mögulega hindrað samkeppni á tilteknum mörkuðum. Að mati Samkeppniseftirlitsins kemur ekki til álita að tilgreind skipun stjórnar félagsins leiði til þess að samstarfið falli ekki undir 10. gr. samkeppnislaga enda er þessi ályktun Reiknistofunnar með öllu órökstudd.

Eins og fram kemur í erindi Reiknistofunnar, og lýst hefur verið hér að framan, þá er eignarhald félagsins með þeim hætti að hluthafarnir eru keppinautar á tilteknum undirmörkuðum í fjármálaþjónustu og á markaði fyrir fjármálaþjónustu í heild. Hluthafar eru helstu og flestir bankar og sparisjóðir og greiðslukortafyrirtækin Borgun og Valitor sem eru í eigu sömu banka og sparisjóða. Þessir sömu helstu hluthafar, þ.e. bankar og sparisjóðir, eru einnig helstu viðskiptavinir Reiknistofunnar. Með öðrum orðum þá eru teknar ákvarðanir innan Reiknistofunnar og gerðir samningar um sameiginlega hagsmuni samkeppnisaðila á mörkuðum sem varða upplýsingatækni og upplýsingaþjónustu. Í þessu felst m.a. að innan Reiknistofunnar eru teknar ákvarðanir um kjör og skilmála vegna þjónustu sem Reiknistofan veitir eigendum sínum sem eru samkeppnisaðilar á fjármálamarkaði. Einnig eru á sama vettvangi teknar ákvarðanir um aðgang, kjör og skilmála annarra viðskiptavina sem eru keppinautar eigenda á sömu mörkuðum.

Í ljósi stöðu Reiknistofunnar og starfsemi hennar á fjármálamarkaði og með hliðsjón af eignarhaldi félagsins verður að telja að samstarfið og ákvörðun um aðgang, viðskiptakjör og skilmála falli a.m.k. undir 12. gr. samkeppnislaga. Í því ljósi ber að líta á reglur og



skilmála, sem settar eru um rekstur Reiknistofunnar og varða rekstrarlega hagsmuni allra hluthafa, sem ákvörðun samtaka fyrirtækja og/eða sem samning milli fyrirtækja sem falli undir 10. gr. samkeppnislaga. Eins og fyrr sagði er þessi niðurstaða sambærileg og komist var að um stöðu Valitors hf. sem samtök fyrirtækja í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 62/2008 *Ósk Valitors hf. um undanþágu fyrir samræmt milligjald í kortaviðskiptum.*⁵

Uppbygging og fyrirkomulag á starfsumhverfi og rekstri Reiknistofunnar er þess eðlis að öllum aðilum sem starfa eða ætla að starfa á almennum bankaþjónustumarkaði hér á landi er nauðsynlegt að tengjast Reiknistofunni með einum eða öðrum hætti og/eða kaupa af henni þjónustu. Einnig er mögulegt að umrætt fyrirkomulag geti haft samkeppnisleg áhrif á öðrum undirmörkuðum í fjármálaþjónustu eins og t.d. í færsluhirðingu. Reiknistofan annast margvíslega vinnslu fyrir íslenska banka og sparisjóði á sviði tölvu- og hugbúnaðarþjónustu. Reiknistofan er í eigu flestra þeirra banka og sparisjóða sem félagið þjónustar. Eigendur Reiknistofunnar eru allir í innbyrðis samkeppni á fjármálamarkaði. Til viðbótar framan sögðu tengist rekstur og samstarf innan Reiknistofunnar starfsemi tveggja íslenskra greiðslukortafyrirtækja sem eru aðilar að útgáfu greiðslukorta og keppinautar í færsluhirðingu vegna notkunar þeirra hjá íslenskum söluaðilum. Eru þessi fyrirtæki einnig eigendur að Reiknistofunni og þau eru síðan í eigu flestra þessara sömu banka og sparisjóða sem starfa á Íslandi. Við þessar aðstæður er, sameiginlegt eignarhald keppinauta og samstarf á sviði upplýsingatækniþjónustu, samningur milli samkeppnisaðila sem takmarkar möguleika annarra aðila til að komast inn á þá markaði þar sem eigendur eru fyrir.

Með allt framangreint í huga þá er það mat Samkeppniseftirlitsins að, ákvarðanir teknar innan Reiknistofunnar um sameiginlega hagsmunamál eigenda og keppinauta, séu ákvarðanir samtaka fyrirtækja sem falli undir 12., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Hér á eftir verður því tekið til skoðunar hvort umrætt samstarf samrýmist öllum skilyrðum 15. gr. samkeppnislaga.

4. Undanþáguheimild 15. gr. samkeppnislaga

Í erindinu óskar Reiknistofan eftir því, komist Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að samstarfið fari gegn bannreglum samkeppnislaga, að veitt verði undanþága á grundvelli 15. gr. sömu laga. Kemur því til skoðunar, ósk félagsins um undanþágu fyrir samstarfinu, og mat á því hvort samstarfið uppfylli öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga fyrir undanþágu frá ákvæði 12., sbr. 10. gr. laganna.

Á grundvelli 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

- a. *stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflni tæknilegar og efnahagslegar framfarir,*
- b. *veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*

⁵ Sjá hér einnig skilgreiningu framkvæmdastjórnar ESB í ákvörðunum VISA EU, frá 24. júlí 2002, mál nr. COMP/29.373 og MasterCard frá 19. desember 2007, sjá mgr. nr. 663 í máli nr. COMP/34.579.



- c. *leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*
- d. *veiti fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.*

Hægt er að setja skilyrði fyrir undanþágu.

Uppfylla verður öll skilyrði 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga þannig að til álita komi að veita undanþágu frá bannákvæðum 10. gr. laganna. Rétt er að hafa í huga að almennt er litið svo á að viðkomandi fyrirtæki verði að sýna fram á að umrædd skilyrði séu uppfyllt.⁶ Að meginstefnu til verður undanþága aðeins veitt að hún geti betur stuðlað að tilgangi og markmiði samkeppnislaga, sbr. 1. gr. Með hliðsjón af mikilvægi samkeppnislaga sem ætlað er að vernda og efla samkeppni, og stuðla með því að aukinni framleiðni og hagræðingu og efnahagslegum vexti, er ljóst að setja verður ströng skilyrði fyrir því að veita undanþágur frá mikilvægustu reglum 10. gr. laganna. Að öðrum kosti gætu samkeppnishömlur sem felast t.d. í verðsamráði valdið neytendum og þjóðfélaginu í heild miklum skaða. Í framkvæmd þurfa fyrirtæki þannig með óyggjandi hætti að sýna fram á að undanþága þeim til handa sé í samræmi við undanþáguskilyrðin. Almenn lögskýringarsjónarmið leiða til þess að túlka ber þröngt ákvæði um heimildir til að veita undanþágu frá bannákvæðum í lögum.

Reiknistofan heldur því fram að það samstarf sem fram fari á vettvangi félagsins sé bæði nauðsynlegt til að tryggja örugga fjármálaþjónustu og hafi í för með sér jákvæð samkeppnisleg áhrif. Samstarf eigenda félagsins sé þannig nauðsynlegt til að hægt sé að inna af hendi þá þjónustu sem það sinni og leiði ekki að neinu leyti til þess að þeir samræmi verklag sín á milli. Á þennan hátt sé tryggt að félaginu sé veitt aðhald bæði af eigendum sem og viðskiptavinum. Vegna séreðlis fyrirtækisins, tryggi það að félagið veiti tryggja og örugga þjónustu með sem hagkvæmustum hætti.

Reiknistofan telur að starfsemi þess hafi skapað grundvöll fyrir tilvist smærri fjármálafyrirtækja og þannig aukið samkeppni á fjármálamarkaði sem að mati félagsins sé mjög sérstakt þegar litið sé til smæðar markaðarins. Þá telur Reiknistofan að skilyrðum 15. gr. samkeppnislaga sé fullnægt og því séu allar forsendur fyrir því að heimila samstarf um starfsemi hennar eins og því sé lýst í erindinu.

Samkeppniseftirlitið getur tekið undir það að samstarf eins og það sem fellst í rekstri Reiknistofunnar geti stuðlað að aukinni skilvirkni, öryggi og hagræði fyrir flesta ef ekki alla viðskiptavinum fjármálafyrirtækja. Getur þetta samstarf með sama hætti verið til þess fallið að auðvelda nýjum aðilum að komast inn á fjármálamarkaðinn. Að þessu leyti uppfyllir samstarfið skilyrði í a-c lið 15. gr. samkeppnislaga. Hins vegar verði að tryggja að samstarf smiti ekki út frá sér og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er. Í því sambandi verður einnig að horfa til aðstæðna á markaði fyrir upplýsingatækniþjónustu og stöðu Reiknistofunnar á þeim markaði. Verður að gæta þess að eigendur Reiknistofunnar valdi

⁶ Sjá t.d. Bellamy & Child, *European Community Law of Competition*, 6. útgáfa 2008 bls. 197: „*In any national or Community proceedings, the undertakings or association of undertakings claiming the benefit of Article 81(3) bears the burden of proving that the conditions of the paragraph are fulfilled.*”



ekki með háttsemi sinni röskun á þeim markaði. Skilyrðin eigi að tryggja samkeppni sé ekki raskað eða hindruð á skilgreindum mörkuðum þessa máls.

Varðandi undanþágu og nauðsynleg skilyrði fyrir henni ber fyrst að líta til þess að íslenskur fjármálamarkaður, sérstaklega bankamarkaður, er fákeppnismarkaður þar sem bankar og sparisjóðir starfa að meginstefnu til á sömu mörkuðum. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 50/2008 *Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.* var talið að viðskiptabankarnir þrír væru í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu. Síðan sú ákvörðun var tekin hefur orðið enn frekari fækkun aðila og samþjöppun á markaðnum. Á slíkum fákeppnismarkaði er nánast hvers konar viðskiptalegt samstarf keppinauta til þess fallið að raska samkeppni. Getur slíkt samstarf haft áhrif á aðra markaði og m.a. leitt til samræmdrar verðlagsstefnu. Auk þess er hér um að ræða víðtækt og umfangsmikið samstarf sem varðar þjónustu á sviði upplýsingatækni sem er til þess fallið að raska samkeppni á þeim markaði ef réttmætra og eðlilegra sjónarmiða og háttsemi er ekki gætt.

Að mati Samkeppniseftirlitsins tekur umrætt samstarf um rekstur Reiknistofunnar til nánast allra innbyrðis rafrænna samskipta milli fjármálafyrirtækja á Íslandi. Einnig er um að ræða samstarf um miðlæga tölvuvinnslu sem varðar mikinn hluta af viðskiptum einstaklinga og fyrirtækja við fjármálafyrirtæki. Þessu samstarfi fylgir einnig umfangsmikil hýsing og hugbúnaðargerð tengd rekstri og viðhaldi á þessum kerfum og öðrum kerfum sem eru hýst hjá Reiknistofunni sem eru í eigu annarra. Að mati Samkeppniseftirlitsins getur samkeppni ríkt um mikinn hluta þessarar starfsemi og/eða hún getur verið staðsett innan einstakra fjármálafyrirtækja eftir því sem við á. Áætlanir Reiknistofunnar gera auk þessa ráð fyrir því að starfsemi félagsins verði aukin með það í huga að sækja inn á enn aðra markaði. Af því getur leitt að þetta samstarf getur dregið úr eða hindrað samkeppni á ákveðnum sviðum hugbúnaðargerðar, hýsingar og tilheyrandi viðhalds- og rekstrarþjónustu. Einnig geta þessar hömlur tekið til þess hluta í starfsemi Reiknistofunnar sem varðar aðkomu hennar að miðlun upplýsinga fyrir fjármálafyrirtæki. Í þessu sambandi má einnig vísa til sjónarmiða Borgunar um að útvíkkun á þjónustu Reiknistofunnar geti skapað hættu á hagsmunaárekstrum á skilgreindum mörkuðum. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að þetta víðtæka samstarf á umfangsmiklum þjónustumörkuðum sé til þess fallið að takmarka samkeppni um mikinn hluta þeirrar þjónustu sem Reiknistofunni er ætlað að sinna. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu með setningu skilyrða.

Þá bendir Samkeppniseftirlitið á að starfsemi og skipulag Reiknistofunnar, með óbreyttu umfangi hvað þá auknu, hefur í för með sér að starfandi verða fleiri og víðtækari notendahópar en getur talist ásættanlegt á svo viðkvæmum og mikilvægum mörkuðum. Þessir hópar eru flestir skipaðir starfsmönnum keppinauta sem gefur færi á mögulegum vettvangi fyrir samkeppnishamlandi samstarf eða samráð. Félagið hefur ekki lýst því hvernig skipun í slíkum hópi verður í framtíðinni og í hvaða umhverfi og undir hvaða reglum þeir muni starfa þrátt fyrir fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins þar um. Félag á samkeppnismarkaði sem getur skipulagt starfsemi sína með þeim hætti, að stofna notendahópa um hönnun, þróun og viðhald tölvu- og upplýsingakerfa sem þjónusta öll helstu fjármálafyrirtæki landsins, er líklegt til þess að vera í stöðu til að hamla eða



takmarka samkeppni á upplýsingatæknimarkaði með alvarlegum hætti. Augljóst má vera að við þessa stöðu geta aðrir ótengdir aðilar ekki keppt með eðlilegum hætti. Með þessu móti er félaginu gert kleift að hanna og þróa kerfi og lausnir með beinu samráði við kaupendur þjónustunnar sem eru helstu eigendur félagsins og um leið keppinautar á markaði með einum eða öðrum hætti. Með þessu fyrirkomulagi er hluthöfum gert mögulegt að hafa áhrif á og raska eða hamlá samkeppni á markaði fyrir fjármálaþjónustu hér á landi.

Eins og lýst er að framan viðraði Reiknistofan þá hugmynd að koma með tillögur að skilyrðum ef það mætti vera til þess að varna samkeppnislegum vandamálum vegna þessara tveggja mála. Þann 7. mars 2012 bárust Samkeppniseftirlitinu með tölvupósti drög Reiknistofunnar að skilyrðum sem umræðugrundvöllur fyrir sátt í þessum tveimur málum sem fjallað er um í þessari ákvörðun. Leiddi þetta til þess að gerð var sátt í málinu og í henni koma fram fyrirmæli sem Samkeppniseftirlitið telur duga til þess að leysa þau samkeppnislegu vandamál sem lýst hefur verið hér að framan. Verður þessu lýst nánar hér á eftir.

5. Fyrirmæli

Í framhaldi af ósk Reiknistofunnar um að gerð verði sátt í málinu á grundvelli skilyrða sem samstarfinu og samrunanum verði sett, hafa aðilar haldið nokkra fundi og rætt um möguleg skilyrði til þess að koma í veg fyrir neikvæð samkeppnisleg áhrif af samrunanum og sem jafnframt eru til þess fallin að Samkeppniseftirlitið geti samþykkt fyrirhugað samstarf um rekstur Reiknistofunnar. Að mati Samkeppniseftirlitsins er nauðsynlegt að samstarf keppinauta á fákeppnismarkaði leiði ekki til þess að þeir geti með ómálefnalegum hætti hindrað eða unnið gegn innkomu nýrra aðila á markaði fjármálafyrirtækja. Er þessi þörf enn brýnni komi til samruna Reiknistofunnar og Teris. Að þessu leyti hafa þessi tvö erindi innbyrðis áhrif hvort á annað. Með sama hætti, og ekki síður, er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hin sterka staða Reiknistofunnar á markaði fyrir upplýsingatækniþjónustu við fjármálafyrirtæki og háttsemi hluthafa hennar, hindri eða útiloki önnur fyrirtæki á upplýsingatæknimarkaði frá viðskiptum við hluthafana. Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir þessi samkeppnislegu vandamál eru þá m.a. fólgin í að útvíkka hluthafahóp Reiknistofunnar og skapa möguleika fyrir hluthafa sem ekki eru um leið viðskiptavinir hennar.

Í viðræðum Reiknistofunnar og Samkeppniseftirlitsins var bæði fjallað um uppbyggingu Reiknistofunnar og fyrirkomulag tengt rekstri hennar. Var í því sambandi einnig rætt um með hvaða hætti hluthafar í Reiknistofunni semji um kaup á þjónustu á upplýsingatæknimarkaði ef Reiknistofunni er gefinn kostur á þátttöku í þeim verkefnum. Hafa Samkeppniseftirlitið og Reiknistofa bankanna og hluthafar í henni gert með sér sátt í þessu máli. Í sáttinni felast tiltekin skilyrði sem verður lýst hér á eftir ásamt tilgangi og markmiðum þeirra.

Í skilyrðunum er í fyrsta lagi krafa um að Reiknistofan skuli móta sér viðskiptastefnu með sjálfstæðum hætti og óháð sértækum hagsmunum eigenda sem er byggð á almennum rekstrarlegum forsendum hvað varðar þjónustu félagsins, aðgengi að henni og verðlagningu. Er hluthöfum gert að gera eðlilega arðsemiskröfu til félagsins. Eðlileg



arðsemiskrafa skal vera í samræmi við þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í hlutafé félagsins og skal í því sambandi byggja á viðurkenndum fjármálafræðilegum aðferðum. Með þessu er ætlunin að koma í veg fyrir að Reiknistofan geti hegðað sér á markaði án þess að taka tillit til rekstrarlegrar frammistöðu félagsins.

Í öðru lagi er gerð krafa um að minnst einn stjórnarmanna skuli vera óháður einstökum hluthöfum félagsins. Sé stjórnarmaður fulltrúi ákveðins hluthafa, sem jafnframt er fjármálafyrirtæki, skal hann hvorki vera starfsmaður eða stjórnarmaður þess hluthafa eða dótturfélags hans.

Í þriðja lagi skuldbinda núverandi hluthafar í Reiknistofunnar sig til þess að bjóða reglulega til sölu, eftir atvikum opinberlega, eignarhluti í félaginu með það að markmiði að auðvelda öðrum en fjármálafyrirtækjum að eignast hlut eða auka hlut sinn í félaginu. Skal þetta gert á minnst tveggja ára fresti þar til minnst þriðjungs eignarhlutur hefur verið seldur til annarra en núverandi hluthafa eða boðinn til sölu í hlutafjárútboði. Kemur þetta ekki í veg fyrir að núverandi hluthafar geti selt eignarhluti sín í milli. Ekki hvílir skylda á seljendum að ganga að tilboðum sem eru bersýnilega óhagstæð. Verði hlutafé Reiknistofunnar aukið skuldbindur félagið sig til að bjóða það aukna hlutafé til sölu til annarra en fjármálafyrirtækja. Með þessu ákvæði er verið að áréttta ákvæði í hluthafasamkomulagi félagsins um að eignarhlutir skuli vera kvaðlausir. Með þessu móti er undirstrikað að frá samkeppnissjónarmiðum sé mjög æskilegt að eignahald á félaginu einskorðist ekki við viðskiptavinum þess eins og núna er.

Þau skilyrði sem talin eru upp hér að framan varða aðallega uppbyggingu (e. structure) Reiknistofunnar sem felst í eignarhaldi, skipun stjórnar og viðskiptastefnu. Hér á eftir verður fjallað um nauðsynleg skilyrði sem varða rekstrarlega hegðun Reiknistofunnar við sölu á þjónustu og tiltekna hegðun núverandi hluthafa við kaup á þjónustu sem tengist upplýsingatæknimarkaði í þeim tilfellum þegar Reiknistofunni er gefinn kostur á þátttöku.

Til þess að tryggja jafnræði og hlutlægni gagnvart þeim aðilum sem óska eftir tengingu við öll kerfi og þjónustu Reiknistofunnar má félagið ekki mismuna aðilum í þeim viðskiptum nema til þess standi sannanlegar málefnalegar ástæður. Skal Reiknistofan móta og birta opinberlega aðgangsreglur fyrir öll kerfi félagsins. Aðgangsreglurnar miðast við að þeir aðilar, sem reiðubúnir eru til að gera samning við Reiknistofuna og greiða eðlilegt þátttökugjald fyrir kerfin, skuli fá aðgang að þeim að því gefnu að þeir hafa starfsleyfi viðeigandi eftirlitsstofnana, þar sem það á við, og búi yfir nauðsynlegum tæknibúnaði til þátttöku. Aðgangsreglurnar skulu jafnframt tilgreina aðgangsfærli nýrra umsókna um aðgengi að kerfum Reiknistofunnar og tímamörk. Reiknistofan skal jafnframt birta almenna verðskrá og skilmála fyrir aðgang fjármálafyrirtækja að kerfum félagsins á heimasíðu sinni. Skal þess gætt að verð fyrir tengingu við kerfin skapi ekki aðgangshindrun fyrir nýja aðila með ómálefnalegum hætti. Er Reiknistofunni óheimilt að greina hluthöfum sínum frá fyrirspurnum eða umsóknum um aðgang núverandi eða mögulegra keppnauta hluthafanna að kerfum Reiknistofunnar. Er það til þess að vinna gegn samkeppnishömlum sem geta stafað að því að hluthafar fái viðkvæmar upplýsingar um fyrirætlanir keppnauta.



Eru þessi skilyrði til þess fallin að auka gagnsæi og jafnræði gagnvart öllum viðskiptavinum Reiknistofunnar og skal í aðgangsreglum upplýsa sérstaklega um allar þær kröfur sem gerðar eru til viðskiptavina og lýsa einnig skuldbindingum Reiknistofunnar gagnvart þessum viðskiptavinum hvað varðar aðgang svo sem um gæði þjónustunnar, afhendingartíma og önnur atriði sem málefnalegt er að gera kröfu um. Með sama hætti skulu verðskrá og skilmálar tengdir henni vera gagnsæir og opinberir.

Eigi sér stað viðskipti á milli Reiknistofunnar og hluthafa eða fyrirtækja í eigu hluthafa félagsins skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli ótengdra aðila væri að ræða. Hluthafar Reiknistofunnar mega ekki hafa afskipti af viðskiptum á milli Reiknistofunnar og fyrirtækja undir þeirra yfirráðum. Eigi hluthafi í Reiknistofunni kröfur á eða sé hann í viðskiptalegum tengslum við fyrirtæki, sem hagnýta sér þjónustu sambærilega þeirri sem Reiknistofan veitir, er hluthafanum óheimilt að stuðla að því að slíkur aðili beini viðskiptum sínum til Reiknistofunnar umfram önnur félög á sama markaði. Er þessum ákvæðum enn frekar ætlað að tryggja að viðskiptavinum Reiknistofunnar sé ekki mismunað með ómálefnalegum hætti og þá sérstaklega að hluthafar félagsins njóti ekki forskots á keppinauta sem ekki eru hluthafar í félaginu.

Þau skilyrði sem hér hafa verið talin upp beinast að Reiknistofunni og tengjast þeirri þjónustu sem félagið veitir fjármálafyrirtækjum. Eins og lýst hefur verið hér að framan er það mat Samkeppniseftirlitsins að bæði samruninn og samstarf fjármálafyrirtækja um rekstur Reiknistofunnar geti haft neikvæð samkeppnisleg áhrif á markaði fyrir upplýsingatækniþjónustu. Er í því sambandi ljóst að fyrirkomulag og hegðun núverandi hluthafa í Reiknistofunni við kaup á upplýsingatækniþjónustu skiptir mestu máli varðandi þróunina á þeim markaði.

Í gegnum tíðina hafa upplýsingatækniyrirtæki á markaðnum oft talið að þau búi ekki við sömu aðstæður gagnvart fjármálafyrirtækjum og Reiknistofan. Kom þessi afstaða skýrt fram þegar leitað var sjónarmiða hagsmunaaðila í þessum málum. Í því sambandi vísa þau til eignarhalds á Reiknistofunni og að hluthafar hennar séu um leið helstu viðskiptavinir. Ekki síst hafa þau gagnrýnt að með öllu sé óljóst hvort meðferð virðisaukaskatts af þjónustu Reiknistofunnar sé með þeim hætti að jafnræðis sé gætt á markaði fyrir upplýsingatækniþjónustu. Var þetta eitt af megin áhyggjuefnum annarra aðila á markaði fyrir upplýsingatækniþjónustu.

Til þess að fyrirbyggja sérstaklega samkeppnishamlandi áhrif á markaði fyrir upplýsingatækniþjónustu skal fjármálafyrirtæki sem er hluthafi í Reiknistofunni ávallt leita hagkvæmustu kjara í kaupum á upplýsingatækniþjónustu. Við mat á hagstæðustu kjörum er eðlilegt að leggja til grundvallar m.a. verð, öryggi og gæði með málefnalegum hætti. Sé Reiknistofunni gefinn kostur á þátttöku í verkefnum tengdum upplýsingatækniþjónustu hluthafa skal útboð eða vönduð verðkönnun fara fram þar sem leitað er hagstæðustu kjara fyrir viðkomandi verkefni eða þjónustu. Gæta skal jafnræðissjónarmiða við val á þátttakendum í báðum tilfellum.

Skulu fjármálafyrirtæki sem eru hluthafar í Reiknistofunni, hvert fyrir sig, setja sér ítarlegar verklagsreglur um framkvæmd verðkannana, þar sem fram kemur hvernig



kaupandi velur aðila sem kannaðir verða og hvers konar upplýsingar skuli liggja til grundvallar við val seljanda. Verklagsreglurnar skulu vera aðgengilegar á heimasíðu viðkomandi fjármálafyrirtækis. Þar skulu einnig vera aðgengilegar upplýsingar um tengiliði viðkomandi fjármálafyrirtækis vegna verðkannana. Jafnframt skal viðkomandi fjármálafyrirtæki halda lista fyrir sig yfir seljendur sem snúið hafa sér til fyrirtækisins og boðið þjónustu.

Liggi fyrir að enginn annar en Reiknistofan geti veitt umbeðna þjónustu, er heimilt að falla frá útboði eða verðkönnun og ber viðkomandi fjármálafyrirtæki að halda skrá um slík tilvik. Í þeim tilvikum skal Reiknistofan gæta þess að arðsemi þessara verkefna og þjónustu sé ekki yfir arðsemi félagsins í heild. Með þessu skilyrði er spornað gegn því að Reiknistofan verðleggi þjónustu, sem hún situr ein að gagnvart fjármálafyrirtækjum, með óeðlilegum hætti og þannig sé raskað samkeppni um þá þjónustu sem samkeppni ríkir um, t.d. með niðurgreiðslu eða undirverðlagningu.

Ákvæði þessi taka til kaupa á nýrri upplýsingatækniþjónustu, hvort heldur um er að ræða ný einstök verkefni eða þjónustusamninga, eða endurnýjun fyrri rekstrar- eða þjónustusamninga tengda upplýsingatækni. Skulu samningar vera tímabundnir, lengst til fimm ára í senn. Heimilt er að framlengja slíka samninga um 12 mánuði í senn eftir að gildistíma líkur, enda séu málefnalegar ástæður fyrir því.

Útboðin og skilmálar þeim tengdir skulu vera skýrir og málefnalegir meðal annars hvað varðar kröfur um stöðu væntanlegra tilboðsgjafa. Skulu útboðsskilmálar, eins og unnt er, tryggja jafna stöðu bjóðenda og er viðkomandi hluthöfum óheimilt að grípa til hvers konar ráðstafana sem, með beinum eða óbeinum hætti, er ætlað á ómálefnalegan hátt að tryggja Reiknistofunni viðkomandi verk. Óheimilt er að skipta upp eða sameina verk eða innkaup eða grípa til annarra ráðstafana með það að markmiði að sníða verkefni að tilteknum viðsemjanda eða viðsemjendum. Í útboðsgögnum skal koma fram hvernig meðferð virðisaukaskatts af skilgreindri þjónustu er háttað hjá verkkaupa. Með þessum hætti er öllum aðilum sem þátt taka í útboði ljóst hvernig meðferð virðisaukaskatts er hagað hjá útboðsaðila og á þetta að tryggja að jafnræði ríki á markaði fyrir upplýsingatækniþjónustu. Skal þessi framkvæmd sem hér hefur verið lýst, eftir því sem við á, einnig gilda um framkvæmd verðkannana.

Reiknistofan skal tryggja að öll þjónusta félagsins við hvern einstakan viðskiptavin verði skilgreind í sérstökum aðgreindum samningum til lengst fimm ára í senn. Liggi skilgreindir tímabundnir samningar ekki fyrir skuldbindur Reiknistofan sig til þess að ljúka gerð þeirra fyrir árslok 2012.

Í gegnum tíðina hafa verið starfræktir ýmsir skilgreindir verkefnahópar varðandi starfsemi Reiknistofunnar og hafa í þessa hópa verið skipaðir starfsmenn hluthafa og Reiknistofunnar. Með þessu móti hefur skapast samstarfsvettvangur milli keppinauta sem almennt er talinn óæskilegur út frá samkeppnissjónarmiðum. Hefur slæm reynsla hlotist af slíkum hópum eða nefndum, sbr. umfjöllun í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga*. Meðal annars með hliðsjón af þeirri reynslu skal



Reiknistofan fyrir 30. september 2012 leysa upp notendahópa sem starfræktir eru á vegum félagsins og eiga m.a. að tryggja að lausnir félagsins uppfylltu tæknilegar þarfir viðskiptavina. Reiknistofan skal framvegis vinna alla þarfagreiningu og forgangsröðun tæknilegra breytinga með hverjum viðskiptavini fyrir sig. Með notendahóp í sátt þessari er átt við hvers konar samvinnu Reiknistofu bankanna og fleiri en eins hluthafa.

Af öryggisástæðum skal Reiknistofunni þó vera heimilt að starfrækja sérstaka breytingastjórn, sem tekur ákvarðanir um hvort heimilt skuli á ákveðnum tíma að gera breytingar sem kunna að hafa kerfislæg áhrif. Markmið breytingastjórnar er einvörðungu að tryggja að slíkar breytingar hafi verið undirbúnar með fullnægjandi og faglegum hætti og staðfesta tímasetningu breytinganna. Skal Reiknistofan tryggja með fullnægjandi ráðstöfunum að verkefni umræddrar breytingarstjórnar taki einungis til atviða sem sannanlega og nauðsynlega tengjast öryggi. Sé neyðarástand eða almenn vá yfirvofandi er Reiknistofunni heimilt að kalla fulltrúa notenda saman til þess að samræma öryggisráðstafanir til þess að fyrirbyggja kerfishrun.

Starfsemi Reiknistofunnar er þess eðlis, bæði með hliðsjón af eignarhaldi á félaginu og viðskiptavinum félagsins, sem að lang stærstum hluta eru sömu aðilarnir, að félagið býr yfir ítarlegum upplýsingum um einstaka keppinauta á fjármálamarkaði og hluthafar félagsins búa að sama skapi yfir upplýsingum um keppinauta Reiknistofunnar. Til þess að koma í veg fyrir misnotkun á þessum viðkvæmu upplýsingum skal Reiknistofan tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að upplýsingar sem hún býr yfir um einstaka viðskiptavini félagsins berist ekki til hluthafa Reiknistofunnar eða til annarra viðskiptavina hennar. Er það á ábyrgð framkvæmdastjórnar félagsins að ganga frá trúnaðaryfirlýsingu gagnvart þeim starfsmönnum sem aðgang hafa að viðkvæmum upplýsingum. Með sama hætti skal hver hluthafi Reiknistofunnar tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðskiptalegar og viðkvæmar upplýsingar sem hann býr yfir um keppinauta Reiknistofunnar eða viðskiptavini hluthafans berist ekki Reiknistofunni.

Reiknistofan hefur annast ýmsa hliðarþjónustu fyrir viðskiptavini sína eins og prentun ýmissa reikningsyfirlita o.fl. og annast frágang og póstagningu þeirra. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að þessari þjónustu sé af ýmsum ástæðum betur fyrir komið hjá öðrum en Reiknistofunni þar sem þetta er ekki grunn- eða kjarnastarfsemi hennar. Hefur Reiknistofan fallist á að selja út úr rekstri félagsins starfssemi vegna prentunar og umslagaísetningu.

Með samruna Reiknistofunnar og Teris færast ýmis kerfi og kerfislausnir til Reiknistofunnar. Þar á meðal er netbanki Teris sem er fjölbankalausn. Hefur Reiknistofan ekki boðið slíka lausn undanfarin misseri. Þar sem um fjölbankalausn er að ræða getur hún skapað Reiknistofunni umtalsvert forskot á aðra keppinauta um þjónustu við fjármálafyrirtæki. Í því skyni að aðrir aðilar á upplýsingatæknimarkaði geti boðið þjónustu þessu tengda skal Reiknistofan tryggja að við þróun netbanka félagsins verði hann byggður upp þannig að viðskiptavinir félagsins um netbankalausn geti keypt þjónustueiningar eða þjónustu frá þriðja aðila og samþætt með einföldum hætti við netbankalausn Reiknistofunnar.



Af framansögðu er ljóst að Reiknistofunni og núverandi hluthöfum eru sett ítarleg og viðamikil skilyrði. Beinast þessi skilyrði ýmist að Reiknistofunni sjálfri, hluthöfum hennar sérstaklega eða bæði Reiknistofunni og hluthöfum. Í því skyni að tryggja að aðilar fylgi þessum skilyrðum er talið nauðsynlegt að fenginn sé sérstakur eftirlitsaðili. Reiknistofan skal tilnefna óháðan kunnáttumann til að hafa eftirlit með því að skilyrðum í sáttinni sé fylgt eftir. Reiknistofan, og eftir atvikum hluthafar hennar samkvæmt nánari samkomulagi á milli hluthafa og félagsins, bera allan kostnað af starfi kunnáttumannsins. Samkeppniseftirlitið skal samþykkja tilnefninguna innan tveggja mánaða og skal kunnáttumaðurinn skipaður til tveggja ára í senn. Hlutverk kunnáttumanns er sérstaklega að hafa eftirlit með því að ákvæðum um aðgang að kerfum Reiknistofunnar sé framfylgt, einnig ákvæðum um útboð og verðkannanir hluthafa vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu og framkvæmd þeirra og um söluskyldu núverandi hlutahafa á hluta eignahluta síns til annarra en fjármálafyrirtækja. Að öðru leyti skal hann leggja mat á hvort Reiknistofan og hluthafar hafi gripið til fullnægjandi ráðstafana í því skyni að tryggja að markmið og skilyrði sáttarinnar í heild sinni nái fram að ganga.

Kunnáttumaður skal við upphaf starfs síns setja sér verklagsreglur um framkvæmd eftirlitsins og leita samþykkis þeirra hjá bæði Reiknistofunni og Samkeppniseftirlitinu. Reiknistofan og hluthafar skulu veita kunnáttumanninum þær upplýsingar sem hann óskar eftir og varða framangreint eftirlit hans. Kunnáttumaðurinn skal undirrita yfirlýsingu um að hann muni gæta trúnaðar um viðkvæmar upplýsingar sem honum eru látnar í té. Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar kunnáttumannsins til Samkeppniseftirlitsins.

Samrunaaðilum skal ávallt vera heimilt að óska eftir því að skilyrðum sem fjallað er um í sáttinni verði breytt eða þau felld niður vegna breyttra forsenda, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Þau fyrirmæli sem felast í skilyrðum sáttarinnar skulu vera kynnt fyrir starfsmönnum Reiknistofunnar, eigendum og hlutaðeigandi stjórnarmönnum. Skulu forstjóri Reiknistofunnar, helstu yfirmenn félagsins, eigendur og stjórnarmenn undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér skilyrði þessi og skuldbindi sig til þess að framfylgja þeim.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sáttinni varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga. Þá er athygli vakin á því að brot á skilyrðum geta einnig leitt til þess að heimild fyrir umræddu samstarfi og samruna verði felld niður, sbr. 3. mgr. 15. gr. og 3. mgr. 17. gr. e samkeppnislaga.

Með þeirri sátt sem náðst hefur milli Samkeppniseftirlitsins og Reiknistofunnar og hluthafa hennar telst lokið þeim málum sem annars vegar lúta að undanþágubeiðni Reiknistofunnar, dags. 23. febrúar 2011, og hins vegar samruna Teris og Reiknistofunnar, sbr. samrunatilkynning frá 31. janúar 2012.

Efni umræddrar sáttar er hér birt í ákvörðunarorði.



III. Ákvörðunarorð:

„ Með sátt, dags. 11. maí 2012, eru sett skilyrði sem vinna eiga gegn því að starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og samvinna á vettvangi hennar raski samkeppni, þ. m. t. milli eigenda hennar og annarra aðila á fjármálamarkaði. Þá er skilyrðunum einnig ætlað að vinna gegn því að samruni Reiknistofu bankanna hf. og Teris raski samkeppni á skilgreindum mörkuðum málsins. Með sama hætti er skilyrðunum ætlað að vinna gegn því að starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og háttsemi hluthafa í henni hamli samkeppni á upplýsingatæknimarkaði. Þá er skilyrðunum einnig ætlað að skapa möguleika fyrir aðra en fjármálafyrirtæki að eignast hlut í Reiknistofu bankanna hf.

1. gr.

Sjálfstæður rekstur

Viðskiptastefna Reiknistofu bankanna hf. (hér eftir Reiknistofa bankanna) skal mótuð með sjálfstæðum hætti og óháð sértækum hagsmunum eigenda og byggð á almennum rekstrarlegum forsendum hvað varðar þjónustu félagsins, aðgengi að henni og verðlagningu.

Hluthafar Reiknistofu bankanna skulu gera eðlilega arðsemiskröfu til félagsins. Eðlileg arðsemiskrafa skal vera í samræmi við þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í hlutfé félagsins og skal í því sambandi byggja á viðurkenndum fjármálafræðilegum aðferðum.

2. gr.

Stjórnunarlegur aðskilnaður

Að minnsta kosti einn stjórnarmanna Reiknistofu bankanna skal vera óháður einstökum hluthöfum félagsins. Sé stjórnarmaður fulltrúi ákveðins hluthafa í Reiknistofu bankanna, sem jafnframt er fjármálafyrirtæki, skal viðkomandi stjórnarmaður hvorki vera starfsmaður eða stjórnarmaður þess fjármálafyrirtækis né nokkurs dótturfélags þess.

Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá hluthöfum félagsins, eða fyrirtækjum sem hluthafi á meira en 15% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða í framkvæmdastjórn hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar.

3. gr.

Aðgangur að kerfum Reiknistofu bankanna

Reiknistofu bankanna er skylt að gæta jafnræðis og hlutlægni gagnvart þeim aðilum sem óska eftir tengingu við öll kerfi og þjónustu félagsins og má ekki mismuna aðilum í þeim viðskiptum nema til þess standi málefnalegar ástæður.

Reiknistofa bankanna skal móta og birta opinberlega fyrir 30. september 2012 aðgangsreglur fyrir öll kerfi félagsins. Aðgangsreglurnar miðast við að þeir aðilar, sem reiðubúnir eru til að gera samning við Reiknistofu bankanna og



greiða eðlileg þátttökugjöld fyrir kerfin, skulu fá aðgang að þeim að því gefnu að þeir hafa starfsleyfi viðeigandi eftirlitsstofnana, þar sem það á við, og búi yfir nauðsynlegum tæknibúnaði til þátttöku. Aðgangsreglurnar skulu jafnframt tilgreina aðgangskerli nýrra umsókna um aðgengi að kerfum Reiknistofu bankanna og tímamörk.

Reiknistofa bankanna skal fyrir 31. ágúst 2012 birta almenna verðskrá og skilmála fyrir aðgang fjármálafyrirtækja að kerfum félagsins á heimasíðu sinni. Skal þess gætt að verð fyrir tengingu við kerfin skapi ekki aðgangshindrun fyrir nýja aðila með ómálefnalegum hætti.

Reiknistofu bankanna er óheimilt að greina hluthöfum sínum frá fyrirspurnum eða umsóknum um aðgang núverandi eða mögulegra keppinauta hluthafanna að kerfum Reiknistofunnar.

4. gr.

Viðskipti milli Reiknistofu bankanna og tengdra fyrirtækja

Eigi sér stað viðskipti á milli Reiknistofu bankanna og hluthafa eða fyrirtækja í eigu hluthafa félagsins skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli ótengdra aðila væri að ræða. Hluthafar Reiknistofu bankanna mega ekki hafa afskipti af viðskiptum á milli Reiknistofu bankanna og fyrirtækja undir þeirra yfirráðum.

Eigi hluthafi Reiknistofu bankanna kröfur á eða sé hann í viðskiptalegum tengslum við fyrirtæki, sem hagnýta sér þjónustu sambærilega þeirri sem Reiknistofa bankanna veitir, er hluthafanum óheimilt að stuðla að því að slíkur aðili beini viðskiptum sínum til Reiknistofu bankanna umfram önnur félög á sama markaði.

5. gr.

Viðskipti hluthafa við Reiknistofu bankanna

Fjármálafyrirtæki sem er hluthafi í Reiknistofu bankanna skal ávallt leita hagkvæmstu kjara í kaupum á upplýsingatækniþjónustu. Sé Reiknistofu bankanna gefinn kostur á þátttöku í verkefnum tengdum upplýsingatækniþjónustu hluthafa skal útboð eða vönduð verðkönnun fara fram þar sem leitað er hagstæðustu kjara fyrir viðkomandi verkefni eða þjónustu. Gæta skal jafnræðissjónarmiða við val á þátttakendum í báðum tilfellum.

Skulu fjármálafyrirtæki sem eru hluthafar í Reiknistofu bankanna, hvert fyrir sig, setja sér ítarlegar verklagsreglur um framkvæmd verðkannana, þar sem fram kemur hvernig kaupandi velur aðila sem kannaðir verða og hvers konar upplýsingar skuli liggja til grundvallar við val seljanda. Verklagsreglurnar skulu vera aðgengilegar á heimasíðu viðkomandi fjármálafyrirtækis. Þar skulu einnig vera aðgengilegar upplýsingar um tengiliði viðkomandi fjármálafyrirtækis vegna verðkannana. Jafnframt skal viðkomandi fjármálafyrirtæki halda lista fyrir sig yfir seljendur sem snúið hafa sér til fyrirtækisins og boðið þjónustu.



Liggi fyrir að enginn annar en Reiknistofa bankanna geti veitt umbeðna þjónustu, er heimilt að falla frá útboði eða verðkönnun skv. 1. mgr. og ber viðkomandi fjármálafyrirtæki að halda skrá um slík tilvik. Í þeim tilvikum skal Reiknistofa bankanna gæta þess að arðsemi þessara verkefna og þjónustu sé ekki yfir arðsemi félagsins í heild.

Ákvæði 1. mgr. taka til kaupa á nýrri upplýsingatækniþjónustu, hvort heldur er nýju einstöku verkefni eða þjónustusamningi, eða endurnýjun fyrri rekstrar- eða þjónustusamninga tengdum upplýsingatækni. Skulu samningar vera tímabundnir, lengst til fimm ára í senn. Heimilt er að framlengja slíka samninga um 12 mánuði í senn eftir að gildistíma líkur, enda séu málefnalegar ástæður fyrir því.

Útboðin og skilmálar þeim tengdir skulu vera skýr og málefnaleg meðal annars hvað varðar kröfur um stöðu væntanlegra tilboðsgjafa. Skulu útboðsskilmálar, eins og unnt er, tryggja jafna stöðu bjóðenda og er viðkomandi hluthöfum óheimilt að grípa til neins konar ráðstafana sem, með beinum eða óbeinum hætti, er ætlað á ómálefnalegan hátt að tryggja Reiknistofu bankanna viðkomandi verk. Óheimilt er að skipta upp eða sameina verk eða innkaup eða grípa til annarra ráðstafana með það að markmiði að sníða verkefni að tilteknum viðsemjanda eða viðsemjendum. Í útboðsgögnum skal koma fram hvernig meðferð virðisaukaskatts af skilgreindri þjónustu er háttað hjá verkkaupa. Skal ákvæði þessarar málsgreinar, eftir því sem við á, einnig gilda um framkvæmd verðkannana.

Reiknistofa bankanna skal tryggja að öll þjónusta félagsins við hvern einstakan viðskiptavin verði skilgreind í sérstökum aðgreindum samningum til lengst fimm ára í senn. Liggi skilgreindir tímabundnir samningar ekki fyrir skuldbindur Reiknistofa bankanna sig til þess að ljúka gerð þeirra fyrir árslok 2012.

6. gr.

Markmið um að draga úr eignarhlutdeild núverandi eigenda

Núverandi hluthafar í Reiknistofu bankanna skuldbinda sig til þess að bjóða reglulega til sölu, eftir atvikum opinberlega, eignarhluti í félaginu með það að markmiði að auðvelda öðrum en fjármálafyrirtækjum að eignast hlut eða auka hlut sinn í félaginu. Skal þetta gert á minnst tveggja ára fresti þar til minnst þriðjungs eignarhlutur hefur verið seldur til annarra en núverandi hluthafa eða boðinn til sölu í hlutafjárútboði. Skylda hvers fjármálafyrirtækis samkvæmt þessari grein tekur aðeins til þriðjungs af eignarhlut þess. Kemur þetta ekki í veg fyrir að núverandi hluthafar geti selt eignarhluti sín í milli. Ekki hvílir skylda á seljendum að ganga að tilboðum sem eru bersýnilega óhagstæð eða takmarkað geta samkeppni á upplýsingatæknimarkaði.

Verði hlutafé Reiknistofu bankanna aukið skuldbindur félagið sig til að bjóða það aukna hlutafé til sölu til annarra en fjármálafyrirtækja.



7. gr.

Notendahópar Reiknistofu bankanna skulu lagðir af

Reiknistofa bankanna skal fyrir 30. september 2012 leysa upp notendahópa sem starfræktir hafa verið á vegum félagsins og áttu m.a. að tryggja að lausnir félagsins uppfylltu tæknilegar þarfir viðskiptavina. Reiknistofa bankanna skal framvegis vinna alla þarfagreiningu og forgangsröðun tæknilegra breytinga með hverjum viðskiptavini fyrir sig. Með notendahóp í sátt þessari er átt við hvers konar samvinnu Reiknistofu bankanna og fleiri en eins hluthafa.

Af öryggisástæðum skal Reiknistofu bankanna þó vera heimilt að starfrækja sérstaka breytingastjórn, sem tekur ákvarðanir um hvort heimilt skuli á ákveðnum tíma að gera breytingar sem kunna að hafa kerfislæg áhrif. Markmið breytingastjórnar er einvörðungu að tryggja að slíkar breytingar hafi verið undirbúnar með fullnægjandi og faglegum hætti og staðfesta tímasetningu breytingarinnar. Skal Reiknistofa bankanna tryggja með fullnægjandi ráðstöfunum að verkefni umræddrar breytingastjórnar taki einungis til atriða sem sannanlega og nauðsynlega tengjast öryggi.

Sé neyðarástand eða almenn vá yfirvofandi er Reiknistofu bankanna heimilt að kalla fulltrúa notenda saman til þess að samræma öryggisráðstafanir til þess að fyrirbyggja kerfishrun.

8. gr.

Vernd trúnaðarupplýsinga

Reiknistofa bankanna skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem hún býr yfir um einstaka viðskiptavini félagsins berist ekki til hluthafa Reiknistofu bankanna eða til annarra viðskiptavina hennar. Er það á ábyrgð framkvæmdastjórnar félagsins að ganga frá trúnaðaryfirlýsingu gagnvart þeim starfsmönnum sem aðgang hafa að viðkvæmum upplýsingum.

Hver hluthafi Reiknistofu bankanna skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðskiptalegar og viðkvæmar upplýsingar sem hann býr yfir um keppinauta Reiknistofu bankanna eða viðskiptavini þeirra berist ekki Reiknistofu bankanna.

9. gr

Sala á starfsemi vegna prentunar og umslagaísetningar

Reiknistofa bankanna skuldbindur sig til að selja út úr rekstri félagsins starfsemi vegna prentunar og umslagaísetningu. Ganga skal frá sölu starfseminnar fyrir lok árs 2012.

10. gr

Opinn netbanki

Reiknistofa bankanna skal tryggja að við þróun netbanka félagsins að hann verði byggður upp þannig að viðskiptavinir félagsins um netbankalausn geti



keypt þjónustueiningar eða þjónustu frá þriðja aðila og samþætt með einföldum hætti við netbankalausn Reiknistofu bankanna.

11. gr.

Óháður kunnáttumaður

Reiknistofa bankanna skal tilnefna óháðan kunnáttumann til að hafa eftirlit með því að skilyrðum í sátt þessari sé fylgt eftir. Reiknistofa bankanna, og eftir atvikum hluthafar hennar samkvæmt nánari samkomulagi á milli hluthafa og félagsins, bera allan kostnað af starfi kunnáttumanns. Samkeppniseftirlitið skal samþykkja tilnefninguna innan tveggja mánaða og skal kunnáttumaðurinn skipaður til tveggja ára í senn. Hlutverk kunnáttumanns er eftirfarandi:

1. Hafa eftirlit með því að fyrirmælum í 3. gr. sé fylgt.
2. Hafa eftirlit með því að fyrirmælum í 5. gr. sé fylgt.
3. Hafa eftirlit með því að fyrirmælum í 6. gr. sé fylgt.
4. Leggja mat á hvort Reiknistofa bankanna og hluthafar hafi gripið til fullnægjandi ráðstafana í því skyni að tryggja að markmið og skilyrði þessarar sáttar nái fram að ganga. Skal kunnáttumaður upplýsa Samkeppniseftirlitið um þetta mat sitt eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að hann fær í hendur upplýsingar skv. 2. mgr. 13. gr. sáttar þessarar.
5. Greina Samkeppniseftirlitinu frá því ef hann verður var við að skilyrði sáttar þessarar kunni að hafa verið brotin.

Kunnáttumaður skal með reglubundnum hætti hafa eftirlit með því að skilyrðum 3., 5. og 6. gr. þessarar sáttar sé framfylgt og upplýsa Samkeppniseftirlitið um eftirlit sitt í janúar á hverju ári, fyrst í janúar 2013. Kunnáttumaður skal við upphaf starfs síns setja sér verklagsreglur um framkvæmd eftirlitsins og bera þær undir Reiknistofu bankanna og Samkeppniseftirlitið til samþykktar.

Reiknistofa bankanna og hluthafar skulu veita kunnáttumanni þær upplýsingar sem hann óskar eftir og varða framangreint eftirlit hans. Kunnáttumaður skal undirrita yfirlýsingu um að hann muni gæta trúnaðar um viðkvæmar upplýsingar sem honum eru látnar í té. Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar kunnáttumanns til Samkeppniseftirlitsins.

12. gr.

Endurskoðun.

Samrunaaðilum skal ávallt vera heimilt að óska eftir því að skilyrði þau sem hér er fjallað um verði felld niður vegna breyttra forsenda, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Samkeppniseftirlitið mun taka framkvæmd 5. og 6. gr. til skoðunar í ljósi fenginnar reynslu innan þriggja ára frá gildistöku sáttarinnar.

13. gr.

Kynning o.fl.



Þau fyrirmæli sem felast í skilyrðum þessum skulu vera kynnt fyrir starfsmönnum Reiknistofu bankanna, hluthöfum og hlutaðeigandi stjórnarmönnum. Skulu forstjóri Reiknistofu bankanna, helstu yfirmenn félagsins, eigendur og stjórnarmenn undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér skilyrði þessi og skuldbindi sig til þess að framfylgja þeim. Þar skal jafnframt koma fram almenn lýsing á því hvernig skyldum stjórnarmanna verði fylgt.

Fyrir 1. desember 2012 skal Reiknistofa bankanna og hluthafar upplýsa kunnáttumann skv. 11. gr. um allar ráðstafanir sem þessir aðilar hafa gripið til í því skyni að tryggja að markmið og skilyrði þessarar sáttar nái fram að ganga.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Undirritun Reiknistofu bankanna felur ekki í sér ábyrgð á skuldbindingum hluthafa samkvæmt þessari sátt.“

Samkeppniseftirlitið

Sjá nánar [Viðauka I](#) og [Viðauka II](#) á vef Samkeppniseftirlitsins